# FRÉTTABLAÐIÐ

238. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 9. OKTÓBER 2018


Aukum þátttöku kvenna í skimun með kaupum á Bleiku slaufunni

Stelpur stöndum saman



Að ríkisstjórnarfundi loknum settist sjávarútvegsráðherra niður með forsætisráðherra til að fara yfir mál tengd fiskeldi. Ljóst er að leyfi og rekstur fiskeldisfyrirtækja er hitamál og skiptar skoðanir eru til að mynda innan VG um hvernig skuli ganga fram í málinu. Umhverfisráðherra VG hefur áður lýst því yfir að hann vilji fara með mikilli gát í laxeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fyrirtækin fái tíu mánaða fresti

**Frumvarp sjávarútvegsráðherra um breytingar á lögum um fiskeldi lagt fram í dag. Með því getur ráðherra veitt fyrirtækjum bráðabirgðaleyfi. Arctic Fish fundaði með banka sínum þegar starfsleyfið var afturkallað.**

**ALÞINGI** Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra mun í dag leggja fram frumvarp til breytingar á lögum um fiskeldi til að tryggja að fyrirtæki í laxeldi á Vestfjörðum, Fjarðalax og Arctic Fish, geti haldið áfram starfsemi þrátt fyrir úrskurði og afturköllun starfsleyfa fyrirtækjanna.

Í frumvarpi Kristjáns Þórs kemur fram að ráðherra sé heimilt, að undangenginni umsögn Matvælastofnunar, að veita fyrirtækjum í laxeldi bráðabirgðaleyfi til allt að tíu mánaða.

„Frumvarpinu er ætlað að lagfæra með almennum hætti annmarka á lögum um fiskeldi til framtíðar. Sá annmarki birtist í því að samkvæmt gildandi lögum er eina úrræði Matvælastofnunar í þeim tilvikum sem rekstrarleyfi fiskeldisstöðvar er fellt úr gildi að stöðva starfsemi hennar. Þannig hafa stjórnvöld engin úrræði til að koma í veg fyrir mögulega óafturkræfa og óþarfa sóun verðmæta né heldur gæta meðalhófs,“ segir í tilkynningu frá sjávarútvegsráðherra. Drög að frumvarpinu voru samþykkt á aukafundi ríkisstjórnarinnar í hádeginu í gær og kynnt hinum stjórnmálaflokkunum síðdegis í gær.



**Stjórnin samþykkti drög að frumvarpi sjávarútvegsráðherra í gær.**

Því er fyrirtækjunum, Arctic Fish og Fjarðalaxi, gefinn frestur til að fara yfir umhverfismat fyrirtækjanna til að tryggja að umsókn þeirra um aukið laxeldi á sunnanverðum Vestfjörðum verði samkvæmt lögum og reglum.

Samkvæmt heimildum blaðsins voru fulltrúar Arctic Fish kallaðir á fund viðskiptabanka síns þegar rekstrarleyfi þeirra var afturkallað og gerð grein fyrir að afturköllun á leyfinu gæti þýtt riftun á lánasamningum við félagið. Fréttir síðustu daga um inngrip stjórnvalda hafi róað bankann. Hins vegar hafi litlu mátt muna um tíma. **– sa /** **sjá síðu 4**

## Neyðarástandi lýst yfir í Flórída

**BANDARÍKIN** Fellibylurinn Michael stefnir á Flórída. Spár gera ráð fyrir því að hann gangi á land sem annars stigs fellibylur á morgun. Neyðarástandi lýst yfir. „Þessi stormur ógnar lífi okkar og verður gífurlega hættulegur,“ segir ríkisstjórinn Rick Scott. Kosningar eru fram undan í Flórída; um annað sæti ríkisins í öldungadeild þingsins og um ríkisstjóra þann 6. nóvember svo fátt eitt sé nefnt. Vegna stormsins hafa frambjóðendur flestir aflýst fyrirhuguðum kosningafundum sínum. **þea /** **sjá síðu 8**



**Rick Scott er ríkisstjóri í Flórída.**


BLEIKA SLAUFAN

**Stöndum með stelpunum!**

Tökum sameiginlega ábyrgð á þátttöku kvenna í skimun með kaupum á Bleiku slaufunni

## Veður



Suðaustan 3-8 með skúrum eða slydduéljum, en rofar smám saman til um landið norðanvert. Hiti 0 til 7 stig. SJÁ SÍÐU 16



Lofa að njósna ekki í gegnum Portal.

# Facebook treður nýjar slóðir

**TÆKNI** Samfélagsmiðlarisinn Facebook, sem rekur meðal annars Facebook, Instagram og WhatsApp, kynnti í gær tvo nýja snjallskjái úr smiðju fyrirtækisins. Skjáirnir kallast Portal og Portal Plus. Alexa, stafræni aðstoðarmaðurinn úr smiðju Amazon, er innbyggð í skjáina en þeir eru þó einna helst hugsaðir fyrir myndbandssamtöl í gegnum Messenger-appið.

Með Portal og Portal Plus hafa orðið ákveðin kaflaskil í sögu Facebook. Þetta er í fyrsta skipti sem fyrirtækið sendir frá sér vélbúnað. Hingað til hefur hugbúnaður verið viðfangsefnið og hefur sú vinna heppnast vel enda notar gríðarlegur fjöldi samfélagsmiðla fyrirtækisins. Þó er vert að minnast á það að Facebook keypti sýndarveruleikagleraugnaframleiðandann Oculus árið 2014. Portal-skjáirnir eru þó settir á markað undir nafni Facebook.

Kynningu Facebook var ekki tekið gagnrýnislaust í gær. Jeremy White hjá tæknitímaritinu Wired sagði til að mynda að tímasetningin væri einstaklega óheppileg í ljósi þess að nýlega hafi verið brotist inn í milljónir reikninga notenda Facebook. „Spurningin er einfaldlega sú hvort fólk muni hundsa ógn við öryggi sitt vegna þess hve vel því líst á vöruna,“ sagði White.

Andrew Bosworth, sem stýrir markaðssetningu Portal, sagði við BBC að skiljanlega hefðu neytendur áhyggjur af því að Facebook kæmi hljóðnemum og myndavélum inn á heimili neytenda. Facebook myndi hins vegar ekki undir nokkrum kringumstæðum njósna um viðskiptavini sína í gegnum Portal. **– þea**

# Ökutækin skóuð fyrir veturinn



Það ætti ekki að hafa farið fram hjá neinum að stutt er í að vetur konungur kíki í sína árlegu heimsókn. Meðal þess sem því fylgir er að ökumenn líti við á dekkjaverkstæði landsins til að passa upp á veggrip bifreiða sinna í vetrarfærðinni. Þessir starfsmenn N1 á Bíldshöfða höfðu nóg að gera þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit við og er viðbúið að sú staða sé einnig uppi á öðrum verkstæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sakar Jóhannes um samsæri

**BRETLAND** Bretinn Robert Tchenguiz telur lögmanninn Jóhannes Rúnar Jóhannsson hafa haft uppi samsæri gegn sér í starfi sínu fyrir slitastjórn Kaupþings. Hann segir Jóhannes, ásamt embætti sérstaks saksóknara, hafa blekkt bresku efnahagsbrotalögregluna (SFO) til að hefja rannsókn á viðskiptum sínum við Kaupþing. Þetta kom fram í máli lögmanns Roberts fyrir dómi í London í gær þegar mál hans gegn endurskoðunarstofunni Grant Thornton, tveimur starfsmönnum hennar og Jóhannesi Rúnari var tekið fyrir. Breskir miðlar greina frá.

Málið er höfðað til greiðslu bóta vegna rannsóknar SFO árið 2011. Telur Tchenguiz að fyrrgreindir aðilar hafi látið embætti sérstaks saksóknara hafa falskar upplýsingar sem síðar rötuðu til SFO og urðu grundvöllur rannsóknar. Krefst hann milljarðs punda í bætur. **– jóe**

# Mörgum brugðið við svikapóst frá lögreglu

**Vísbendingar um að Íslendingur hafi komið að svikapóstinum sem sendur var á fjölda fólks um helgina í nafni lögreglunnar. Nokkur vinna að baki svindlinu segir netöryggissérfræðingur. Tilgangurinn að ná aðgangi að tölvu viðtakenda.**

**LÖGREGLUMÁL** „Fólki var eðlilega brugðið, þetta virtist koma frá lögreglu og fólk vissi ekki til þess að hafa brotið af sér og skildi ekki hvað málið var,“ segir Daði Gunnarsson rannsóknarlögreglumaður um svikapóstana sem sendir voru út um helgina í nafni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Þar voru viðtakendur með nokkuð sannfærandi hætti boðaðir í skýrslutöku á lögreglustöðinni á Hverfisgötu vegna ótilgreinds máls og póstinum fylgdi hlekkur sem, ef leiðbeiningum var fylgt til enda, endaði þannig að tölvuþrjótarnir næðu aðgangi að tölvu viðtakanda.

Daði segir að hlekkurinn hafi leitt inn á dæmigerða veiðisíðu þar sem skrá átti niður persónuupplýsingar. „Svo fékkstu skrá til baka og áttir að opna hana. Þegar allt þetta var gert þá var á bak við þetta svokallað spilliforrit (e. malware) sem opnar bakdyr að tölvunni eða „remote access trojan“. Það veitir aðgang að tölvunni þegar þeim hentar. En við vitum ekki hversu margir lentu í því að opna þessar skrár og erum að vinna í að skrifa leiðbeiningar fyrir fólk,“ segir Daði. Hann segir að ríflega hundrað manns hafi haft samband við lögreglu út af málinu. Margir hafi áttað sig á því að hér væri ekki allt með felldu og tilkynnt það. Daði segir greinilegt að tölvuþrjótarnir hafi komist yfir póstlista einhvers staðar. Ekki sé vitað hvar, en það sé eitt af því sem verið er að skoða.

Enn sem komið er hefur enginn tilkynnt um að hafa fengið kröfur frá tölvuþrjótunum eða orðið fyrir fjárhagstjóni.




Ríflega hundrað manns tilkynntu svikapóstinn til lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Þetta er nokkuð svæsin leið. Þú skráir íslenskt lén, hermir eftir pósti frá lögreglu sem er nokkuð flottur.
>
> Theódór Ragnar Gíslason



Tölvuþrjótarnir undirbjuggu svindlið vel en svo virðist sem viðkomandi hafi keypt lénið logreian.is með stolnum upplýsingum vinsæls bloggara hjá ISNIC. Frá því léni var svo svikapósturinn sendur út.

Theódór Ragnar Gíslason, tæknistjóri hjá tölvuöryggisfyrirtækinu Syndis, segir vísbendingar um að þarna hafi Íslendingar komið að. Hann kveðst ekki hafa kafað tæknilega ofan í málið en miðað við það sem fram hafi komið sé það áhugavert.

Málfarið í tölvupóstinum sjálfum gefi vísbendingu um að þarna hafi Íslendingur í það minnsta verið með í liði. Þá hafi gefi sú staðreynd að ISNIC-auðkenni hafi verið hakkað til kynna að viðkomandi viti hvernig hlutirnir virki hér á landi.

„Þetta er nokkuð svæsin leið. Þú skráir íslenskt lén, hermir eftir pósti frá lögreglu sem er nokkuð flottur, kóperar síðuna þeirra. Það er talsvert vinna á bak við þetta,“ segir Theódór. **mikael@frettabladid.is**

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA




# HVAÐ ER Í MATINN?



**1.798** kr. pk.

**Grænmetisréttur**
Vegan soyakjöt með rótargrænmeti, byggi og chili-mayjo



**1.959** kr. pk.

**Kjúklingaréttur**
Kjúklingabringur í engifer og lime með fersku grænmeti og ofnbökuðum kartöfluteningum



**1.959** kr. pk.

**Kjúklingaréttur**
Pönnusteiktir kjúklingastrimlar Rub með fersku grænmeti og sætkartöflumús



**1.959** kr. pk.

**Kjúklingaréttur**
Kjúklingabringur í Tikka masala með grænmeti, basmati hrís-grjónum og kryddjurtasósu



**2.198** kr. pk.

**Lambakjötsréttur**
Lambapottréttur í karrý-kókos með fersku grænmeti og basmati hrísgrjónum



**2.198** kr. pk.

**Fiskréttur**
Þorskhnakki Toscana með sætum kartöflum og brokkolí



**2.398** kr. pk.

**Fiskréttur**
Hvítlauksmarineraður Lax með rótargrænmeti, steiktu byggi og chili-mayjo



**2.398** kr. pk.

**Nautakjötsréttur**
Austurlenskur nautapottréttur með grænmeti og kartöflumús



**BÓNUS** EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **14. október** eða meðan birgðir endast.

# Ákærð fyrir að nauðga dóttur sinni og láta systur hennar horfa á

**DÓMSMÁL** Héraðssaksóknari hefur ákært mann og konu fyrir gróf kynferðisbrot gagnvart börnum þeirra. Rannsókn málsins hófst í sumar og hefur maðurinn setið í gæsluvarðhaldi síðan þá. Konan sat í gæsluvarðhaldi um tveggja vikna skeið en hefur síðan verið í farbanni allt þar til hún var úrskurðuð í gæsluvarðhald á ný í síðustu viku.

Þetta kemur fram í tveimur úrskurðum Landsréttar sem birtir voru í gær. Í úrskurðunum kemur fram að parið sé ákært fyrir að hafa nauðgað dóttur konunnar, sem er stjúpdóttir mannsins, og hafa tekið athæfið upp á myndband. Þá eru þau ákærð fyrir að hafa veitt henni áfengi og fyrir að hafa framleitt klámefni. Systir stúlkunnar, sem er barn þeirra beggja, fylgdist með athæfinu og eru þau ákærð fyrir blygðunarsemisbrot vegna þess. Stúlkurnar eru báðar yngri en fimmtán ára.

Konan játaði sök að hluta í sumar og var sleppt í kjölfar þess. Í þeim yfirheyrslum sagði hún að hún hefði verið mjög ölvuð þegar nauðgunin á að hafa átt sér stað og þá gerði hún mjög lítið úr hlut sínum. Þegar myndbandsupptökur af atvikinu voru rannsakaðar, en þær fundust á myndavél sem falin var í fataskáp á heimili fólksins, kom í ljós að þáttur konunnar var mun meiri en hún hafði gefið til kynna og tók hún að mati ákæruvaldsins virkan þátt í hinu meinta broti.



Mál parsins var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Maðurinn er að auki ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa haft í vörslu sinni myndlykla, tölvur og geisladiska sem innihéldu yfir 800 ljósmyndir og 29 hreyfimyndir af barnaklámi. Þá er hann ákærður fyrir brot gegn vopnalögum og fyrir brot í nánu sambandi með því að hafa ítrekað rassskellt dóttur sína og annað barn.

Gæsluvarðhald parsins er á grundvelli almannahagsmuna og rennur út 31. október. **– jóe**

## Langanesbyggð ósátt við VÍS

**SVEITARSTJÓRNIR** Sveitarstjórn Langanesbyggðar segist harma ákvörðun VÍS um að loka starfsstöðvum á landsbyggðinni.


**Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar.**

„Þrátt fyrir þá mikilvægu breytingu sem í ljósleiðaravæðingu landsbyggðarinnar felst þá virðist hjá stjórnendum sumra stórfyrirtækja þess misskilnings gæta að best sé að safna sem flestu starfsfólki undir eitt þak og þá helst á dýrasta stað, í höfuðborg landsins, frekar en að gera fólki alls staðar að af landinu kleift að sinna viðkomandi störfum,“ segir sveitarstjórnin. Þau skoða möguleika á að segja upp samningi við VÍS. **– gar**

## Fokdýr flugferð

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan stöðvaði ökumann um helgina sem mældist á 167 kílómetra hraða á Reykjanesbraut þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund. Hann var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða og gert að greiða 240 þúsund króna sekt. Ökumaðurinn bar því við að hafa verið að flýta sér að ná flugi. **– smj**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Stjórnvöld björguðu lánalínu Arctic Fish á síðustu stundu

**Frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar veitir ráðherra heimild til að gefa út bráðabirgðaleyfi til laxeldisfyrirtækja. Forsvarsmenn Arctic Fish greindu þingmönnum frá því að afturköllun starfs- og rekstrarleyfis hafi valdið titringi í viðskiptabanka þeirra. Þingmaður VG vill heyra í umhverfissinnum og laxveiðirétthöfum.**

**FISKELDI** Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra mun í dag leggja fram frumvarp til breytingar á lögum um fiskeldi til að tryggja að fyrirtæki í laxeldi á Vestfjörðum, Fjarðalax og Arctic Fish, geti haldið áfram starfsemi þrátt fyrir úrskurði og afturköllun starfsleyfa fyrirtækjanna.

Í frumvarpi Kristjáns Þórs kemur fram að ráðherra sé heimilt, að undangenginni umsögn Matvælastofnunar, að veita fyrirtækjum í laxeldi bráðabirgðaleyfi, til allt að tíu mánaða.

„Þetta eru mál sem snerta sjávarútvegsráðherra. Það sem snýr að mér hefur með starfsleyfi að gera á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þar er alveg ljóst að fyrirtækin geta sótt um undanþágu frá starfsleyfinu og það var ekki rætt á ríkisstjórnarfundi.“ sagði Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra þegar hann gekk af ríkisstjórnarfundi í gær. Hann sagði enn fremur að hann hefði ekki fengið inn á sitt borð umsókn fyrirtækjanna um undanþágu en ef til þess kæmi myndi hann taka málið til meðferðar.

Fundur var haldinn í gær með Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og laxeldisfyrirtækjunum tveimur. Sigrún Ágústsdóttir, sérfræðingur Umhverfisstofnunar á sviði friðlýsinga og starfsleyfa, segir að á fundinum hafi verið rædd tillaga um hvernig væri hægt að bæta úr þeim annmarka sem fjallað er um í úrskurðum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. „Ný


Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra mun freista þess að höggva á þann hnút sem kominn er á málefni laxeldisfyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Vill laxveiðirétthafa á fund

Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingmaður VG, segist ekki hafa séð frumvarp sjávarútvegsráðherra. „En ég óskaði eftir því á sunnudag að umhverfisverndarsinnar og laxveiðirétthafar komi á fund umhverfis- og samgöngunefndar í vikunni, enda nauðsynlegt að við fáum að heyra þeirra sjónarmið í nefndinni,“ segir Rósa. Aðspurð segir Rósa að enn sem komið er hafi engar undirtektir verið við þá beiðni, hvorki frá stjórnarliðum né stjórnarandstöðu.

**» Neil Shiran Þórisson, framkvæmdastjóri Arctic Fish, er mágur Gunnars Atla Gunnarssonar, aðstoðarmanns Kristján Þórs sjávarútvegsráðherra.**

leyfi fyrirtækjanna tveggja eru fallin úr gildi en eldri leyfi þeirra fyrir minna umfangi eru enn í gildi samkvæmt okkar skilningi. Það sé því enn hægt að nýta þau leyfi að okkar mati,“ segir Sigrún.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru fulltrúar Arctic Fish kallaðir á fund viðskiptabanka síns þegar rekstrarleyfi þeirra hafði verið afturkallað og gerð grein fyrir því að afturköllun á rekstrarleyfi gæti þýtt riftun á lánasamningum við félagið. Hins vegar hafi fréttir síðustu daga um inngrip stjórnvalda róað viðskiptabankann. Litlu hafi þó mátt muna á tímabili.

Halla Signý Kristjánsdóttir, annar varaformaður atvinnuveganefndar og þingmaður Framsóknarflokksins á Vestfjörðum, segir að gjaldþrot fyrirtækjanna hafi komið til tals. „Þetta er dagaspursmál því þeir sjá stefnuleysið í málaflokknum og vandræðaganginn og hafa kallað fyrirtækin að borðinu og viljað fá svör,“ segir Halla Signý. „Fyrirtækin hafa sagt atvinnuveganefnd þetta og ég sem þingmaður kjördæmisins hef verið fyrir vestan og hef verið að heyra þetta.“

sveinn@frettabladid.is



JEEP CHEROKEE LONGITUDE LUXURY
JEEP 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.
VERÐ 7.550.000 KR. - AÐEINS 2 BÍLAR EFTIR.
TILBOÐSVERÐ 6.990.000 KR.
DÍSEL 2.2 185 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTUR.
AUKAHLUTAPAKKI: MÁLMLITUR, 18" ÁLFELGUR, 30" DEKK, 8,4" SKJÁR, LEÐURSÆTI, RAFDRIFIN FRAMSÆTI MEÐ MJÓBAKSSTUÐNINGI, BAKKMYNDAVÉL, LEIÐSÖGUKERFI OG PREMIUM HLJÓÐKERFI, LYKILLAUST AÐGENGI, FJARSTART OG RAFMAGNS AFTURHLERI.
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep
THERE'S ONLY ONE

# HAPPY BIRTHDAY JOHN AND SEAN!

John, you are still with us and giving us
wisdom and happiness when it’s much needed.

Yoko Ono býður gestum til Viðeyjar að kvöldi 9. október til að vera viðstaddir tendrun Friðarsúlunnar.

Fríar ferðir frá Skarfabakka frá kl. 17.30.

Ljósið verður tendrað kl. 20.00.

Yoko Ono invites you to Videy Island to take part in the lighting of IMAGINE PEACE TOWER.

Free ferry from Skarfabakka from 5.30 pm.

The lighting will take place at 8.00 pm.

i ii iii

I love you all,

yoko

# Sjómenn sameinast í kjarabaráttu

**ATVINNUMÁL** Fjölmörg stéttarfélög sjómanna hafa undirbúið sameiningu til að standa betur að vígi í baráttu sinni fyrir bættum kjörum. Unnið hefur verið að því undanfarna mánuði og farið að sjást í land í viðræðum félaganna. Sjómenn eru nú í um 20 stéttarfélögum vítt og breitt um landið og slagkraftur sjómanna hefur því verið takmarkaður í kjarabaráttu þeirra.

Þau félög sem undirbúa sameiningu eru Sjómannafélag Íslands, Sjómannafélag Eyjafjarðar, Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur, Sjómannafélag Hafnarfjarðar og Jötunn. Von er á að fleiri stökkvi á bátinn og verði með í áhöfn þessa nýja stéttarfélags sjómanna. Markmið sameiningarinnar er að skapa stórt og stöndugt stéttarfélag sjómanna og styrkja með því bakland þeirra. Nýtt félag yrði langstærsta stéttarfélag sjómanna.

„Þessi vinna hefur verið í gangi í talsverðan tíma enda hefur það verið okkar skoðun að það sé margfalt vænlegra til árangurs að búa til stórt og öflugt félag til að standa að baki sjómönnum þessa lands,“ segir Bergur Þorkelsson, gjaldkeri Sjómannafélags Íslands. „Með þessu móti getum við sameinað krafta okkar og þannig skapað grundvöll til að setja gríðarlega innspýtingu í allt okkar starf, ekki síst þær kjarasamningsviðræður sem fram undan eru við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.“ **– sa**

## Minntust blaðakonu



**Fjölmenni kom saman í Sofiu í Búlgaríu í gær til að minnast blaðakonunnar Viktoriu Marinovu. Lík hennar fannst illa útleikið í almenningsgarði í borginni. Samkvæmt innanríkisráðuneyti landsins var henni nauðgað áður en hún var myrt. Dagana fyrir lát sitt hafði hún kannað spillingarmál tengd fjárveitingum Evrópuþingsins til sveitarstjórna í landinu. Stjórnvöld segja morðið ekki tengjast starfi hennar en margir efast.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Vilja styttri útkallstíma á Suðurlandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Eyjamenn vilja sjúkraþyrlu

**HEILBRIGÐISMÁL** Bæjarráð Vestmannaeyja kveðst taka undir ályktun stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi (SASS) um að koma eigi upp sérstakri sjúkraþyrlu.

Bæjarráðið vitnar til nýlegrar skýrslu starfshóps velferðarráðuneytisins og segist eins og SASS taka undir með tveimur af sjö fulltrúum í starfshópnum um að koma ætti upp sérstakri sjúkraþyrlu með útkallstíma sem væri styttri en tíu mínútur. Rekstrarkostnaður yrði 500 til 880 milljónir króna á ári. Stjórn SASS leggur til að þyrlan verði staðsett á Suðurlandi og bæjarráð Vestmannaeyja telur ákjósanlegt að þyrlan verði í Eyjum. **– gar**

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is



Haraldur Guðjónsson
lögg. fast.
s. 783 1494
halli@fasteignasalan.is

**Hlíðarvegur 11, 200 Kópavogi**




**Opið hús þriðjudaginn 9. okt. kl. 17:30 – 18:00**

Falleg 3. herb. neðri hæð í þríbýli með bílskúr og sérinngangi. Í íbúðinni eru 2 svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, þvottahús, borðstofa og stofa. Góðar suðursvalir. Bílskúr upphitaður. Heitt og kalt vatn. Frábær staðsetning. **V. 44.9 m.**

**Nánari uppl. Haraldur Guðjónsson lgf s. 783 1494**
**og Bjarni Sigurjónsson selj. s. 626 3201**

# Tinni og Lukku-Láki séu skildir út undan

Markmið laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku er að auka lestur ungs fólks, bæta læsi og styðja við útgáfu bóka á íslensku. Bókaútgefandi telur að bækur á borð við Tinna og Lukku-Láka verði undanskildar þessum stuðningi.

**MENNING** Frumvarp Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, um stuðning við útgáfu bóka á íslensku tekur ekki til útgáfu bóka á borð við Lukku-Láka, Tinna, Ástrík og fleiri myndasögur sem gefnar eru út hér á landi með íslenskum texta. Gísli Einarsson, framkvæmdastjóri Nexus á Íslandi, telur það geta stangast á við markmið laganna um að auka lestur hér á landi.

Frumvarp Lilju hefur verið lagt fram á þingi. Markmið laganna er að efla útgáfu bóka á íslensku með því að veita bókaútgefendum tímabundinn stuðning í formi endurgreiðslu á hluta kostnaðar sem fellur til við útgáfu bóka á íslensku. Kemur þar fram að „bókaútgáfa er ein af mikilvægustu stoðum íslenskrar menningar og er gildi hennar fyrir verndun og stuðning við íslenska tungu og eflingu læsis óumdeilt“.

Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að veittur sé stuðningur vegna útgáfu tímarita. Með tímaritum er átt við hvers konar útgáfu rita sem koma út reglulega og að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári eða að útgáfan sé liður í ótímabundinni röð og gert sé ráð fyrir útgáfum um ófyrirsjáanlega framtíð. Þetta segir Gísli að gæti gengið gegn markmiðum laganna.

„Þarna tel ég að tryggja þurfi að lesefni, sem ætlað sé börnum, falli ekki undir tímarit. Miðað við þá skilgreiningu sem er að finna í skýringum með frumvarpinu þá er ekki annað að sjá en að bækur á borð við Lukku-Láka, Tinna, Ástrík og fleiri myndasögur sem ég og fleiri ólumst upp við að lesa séu skilgreindar sem tímarit. Þær eru hluti af seríu, eru númeraðar, geta komið út oftar en einu sinni á ári,“ segir Gísli. „Myndasögur eru mikilvægar til að auka lestur ungs fólks og því brýnt að útgefendur myndasögubóka á íslensku standi jafnfætis öðrum bókaútgefendum hér á landi.“

Gísli stendur sjálfur fyrir þýðingum á bókum sem alla jafna kallast myndasögur eða myndrænar skáldsögur þar sem lengri sögum er skipt niður í margar bækur. Sögurnar beri sama yfirtitil, segir hann, og koma oft á tíðum margir höfundar að einni og sömu bókinni. Því sé það ákveðið réttlætismál að sú útgáfa lendi ekki í flokki með tímaritum og eigi því ekki rétt á endurgreiðslu kostnaðar.

**sveinn@frettabladid.is**



**Ljóst er að myndasögubækur skipa stóran sess í lestri margra barna hér á landi. Hér gluggar Gísli í eina af bókunum um Lukku-Láka.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Myndasögur eru mikilvægar til að auka lestur ungs fólks og því brýnt að útgefendur myndasögubóka á íslensku standi jafnfætis öðrum bókaútgefendum hér á landi.
>
> Gísli Einarsson, framkvæmdastjóri Nexus á Íslandi




OUTLANDER PHEV

Mitsubishi Outlander PHEV er rafdrifinn & svo miklu meira. Fullkominn samleikur raf- og bensínorkunnar skilar þér sönnu akstursfrelsi og háþróaðar tæknilausnir færa þér allt að 45 km hreinum rafakstri og 600 km heildardrægni með lágmarkseyðslu allt niður í 2.0 l/100 km.* Virkjaðu það besta úr báðum heimum.

**Verð frá 4.690.000 KR.**

MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition

*Miðað við fulla hleðslu og fullan tank við bestu aðstæður skv. óháðri WLTP mælingu.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

HEKLA


Frans páfi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Páfi kennir kölska um hneykslismálin

**PÁFAGARÐUR** Djöfullinn ber ábyrgð á þeim fjölmörgu kynferðisofbeldishneykslismálum sem hafa skekið kaþólsku kirkjuna. Þetta sagði Frans páfi í gær og bað kaþólikka um allan heim um að leggjast á bæn alla daga októbermánaðar til að hrekja freistarann í burtu.

„Við verðum að bjarga kirkjunni frá þeim illa, frá freistaranum. Á sama tíma þurfum við að vera meðvituð um sekt okkar, mistök og misbeitingu í nútíð og fortíð,“ hafði Reuters eftir Frans páfa.

Hneykslismál kaþólsku kirkjunnar eru mýmörg og hefur komist upp um stórfelld brot í meðal annars Bandaríkjunum og í Síle undanfarið. – þea

## Tveir fengu nóbelsverðlaun

**VÍSINDI** Bandaríkjamennirnir William Nordhaus og Paul Romer vinna nóbelsverðlaunin í hagfræði í ár. Um þetta tilkynnti sænska vísindaakademían í gær. Nordhaus er verðlaunaður fyrir að aðlaga kenningar hagfræðinnar til þess að gera ráð fyrir loftslagsbreytingum, Romer fyrir að gera ráð fyrir framþróun tækninnar.

„Ég held að fjölmargir haldi að það sé svo erfitt og dýrt að vernda umhverfið að fólk vilji bara hundsa vandann. En við getum án nokkurs vafa náð miklum árangri í umhverfisvernd án þess að fyrirgera möguleikum okkar á því að viðhalda hagvexti,“ sagði Romer við Reuters í gær. – þea

# Neyðarástand vegna fellibyls

**Fellibylurinn Michael stefnir á Flórída. Spár gera ráð fyrir því að hann gangi á land sem annars stigs fellibylur á morgun. Neyðarástandi lýst yfir og varað við hvassviðri, mikilli úrkomu, hækkandi sjávarborði og flóðum.**


Stormurinn gekk yfir Kúbu í gær. Neyðarástandi lýst yfir í Flórída. Viðvaranir við hitabeltisstormi í sýslunum í kring.

**BANDARÍKIN** Neyðarástandi hefur verið lýst yfir og fellibylsviðvaranir verið gefnar í 26 sýslum á hinu svokallaða pönnuskafti (e. Panhandle) Flórída í Bandaríkjunum, það er landræmunni sem gengur vestur frá Flóridaskaganum og að borginni Pensacola. Sömuleiðis hafa verið gefnar út viðvaranir við hitabeltisstormi í nærliggjandi sýslum og suður að Tampa. Ástæðan er fellibylurinn Michael, sem gekk yfir Kúbu í gær sem hitabeltisstormur. Samkvæmt frétt CNN var allt að 304 millimetra úrkomu á vesturhluta Kúbu í gær.

Samkvæmt spám bæði einkareknu veðurstofunnar The Weather Channel og fellibyljamiðstöðvar Bandaríkjanna (NHC) er útlit fyrir að Michael gangi á land í Flórída sem annars stigs fellibylur á morgun. Vindhraði verði á milli 33 og 49 metrar á sekúndu og úrkoma mikil.

Strax í gær voru eyjarskeggjar á Keys-eyjum, rétt suður af Flóridaskaga, farnir að finna vel fyrir veðrinu. Búist er við um 100 millimetra úrkomu þar í dag.

Búist er við því að yfirborð sjávar komi til með að hækka mikið allt frá Pensacola og að Tampa vegna stormsins. Hafa íbúar því verið beðnir um að vera á varðbergi þar sem ástandið gæti orðið lífshættulegt.

„Þessi stormur ógnar lífi okkar og verður gífurlega hættulegur. Afleiðingar hans á samfélög á svæðinu gætu orðið gríðarlegar. Þess vegna þurfa fjölskyldur að vera vel undirbúnar,“ sagði Rick Scott ríkisstjóri á blaðamannafundi og bætti við:

„Þið verðið öll að undirbúa ykkur. Ekki taka neina áhættu. Sjávarborð mun hækka, það verður hvasst, það gætu orðið flóð og það eru miklar líkur á því að hvirfilbyljir myndist.“

Íbúar Flórída hafa margir hverjir einbeitt sér að kosningum undanfarna daga. Kosið er um annað sæti ríkisins í öldungadeild þingsins og um ríkisstjóra þess þann 6. nóvember næstkomandi svo fátt eitt sé nefnt. Vegna stormsins hafa frambjóðendur flestir aflýst fyrirhuguðum kosningafundum sínum.

Útlit er fyrir að afar mjótt verði á munum í kosningunum. Í nýjustu könnunum mældist munurinn á frambjóðendum Demókrata og Repúblikana í báðum kosningum einungis eitt prósent.

Búist er við því að Michael haldi áfram yfir Georgíu og Suður-Karólínu sem hitabeltisstormur áður en hann heldur svo í norðaustur.

thorgnyr@frettabladid.is


Rick Scott.

### Skammt stórra högga á milli

Starfsmenn FEMA, almannavarna Bandaríkjanna, standa í ströngu þessa dagana. Stutt er frá því að fellibylurinn Florence reið yfir Bandaríkin og olli miklu tjóni. Í fyrra gengu svo Harvey, Irma, Maria og Nate á land í Bandaríkjunum með stuttu millibili.

The New York Times fjallaði um það í gær að FEMA hefði styrkt ríki, svæði og sveitarfélög um alls 81 milljarð Bandaríkjadala, jafnvirði tæplega tíu billjóna króna, frá árinu 1992. Fjármagnið fór í 683.035 mismunandi verkefni. Allt frá því að fjarlægja brak og til þess að reisa opinberar byggingar á nýjan leik eftir að þær höfðu hrunið í ofviðri.

Ekki hafi hins vegar verið tekið nægilegt tillit til loftslagsbreytinga við þau uppbyggingarverkefni sem fjármunirnir fóru í. Því hafi hinar nýju byggingar verið alveg jafnviðkvæmar fyrir næsta stormi og þær sem hrundu í þeim fyrri, að því er blaðið hélt fram.


NÝR FORD TRANSIT CUSTOM
– Betri en nokkru sinni

Ford Transit Custom er þekktur fyrir einstakan búnað, endingu og hagkvæmni. Með nýrri kynslóð bætir Ford enn í og gerir Transit Custom enn betri. Hinn nýi Ford Transit Custom er ríkulega búinn m.a. olíumiðstöð með tímastilli, upphitanlegri framrúðu, aksturstölvu, Easy fuel eldsneytisáfyllingu, upphitanlegu ökumannssæti, spólvörn, ESP stöðuleikakerfi, brekkuaðstoð og 14 geymsluhólfum í innréttingu.

KOMDU OG TRYGGÐU ÞÉR FORD TRANSIT! EIGUM BÍLA TILBÚNA TIL AFHENDINGAR STRAX.




FORD TRANSIT CUSTOM KOSTAR FRÁ:
3.056.452 KR. ÁN VSK.
3.790.000 KR. MEÐ VSK.
FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ford
ford.is




# - VIÐ ERUM 10 ÁRA -

# AFMÆLISTILBOÐ

## DAGANA 9. - 14. OKTÓBER

## 30-50% AF VÖLDUM VÖRUM*

FLEIRI TILBOÐ Í VERSLUN OG VEFSÍÐU

*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði - Gildir á meðan birgðir endast



**CHRYSTAL** legubekkur með 2 bakpúðum. Blátt eða grátt áklæði. L200 cm. 129.900 kr. Nú 79.900 kr.



**FAME** hægindastóll. Brúnt leðurlíki eða svart velúr. 39.900 kr. Nú 23.900 kr.

40%



**MESSINA** Grátt áklæði. 3ja sæta. L225 cm. 119.900 kr. Nú 69.900 kr. 2ja sæta. L173 cm. 79.900 kr. Nú 44.900 kr.



34% AF HONEST BORÐSTOFU-BORÐI

**HONEST** borðstofuborð. Gráolíuborin eik. 200x95 cm. 149.900 kr. Nú 97.900 kr.



45%

**PARIS** stóll. Hvítur eða Svartur. 14.900 kr. Nú 7.900 kr.



**FLAIRE** stóll. Svartur með hvítum saum. 49.900 kr. Nú 29.900 kr.



**BAILEY** stóll. Grátt áklæði. 16.900 kr. Nú 9.900 kr.



**CAROLINA** stóll. Ýmsir litir. 12.900 kr. Nú 7.900 kr.



30-50% AF ÖLLUM MOTTUM

**NANOK** motta. 140x200 cm. 44.900 kr. Nú 29.900 kr. 170x240 cm. 64.900 kr. Nú 44.900 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND



Flestir þingmenn virðast sammála um að bregðast þurfi við úrskurði sem felldi úr gildi starfsleyfi fiskeldisfyrirtækjanna á Vestfjörðum. Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra leggur fram frumvarp í dag til að stíga inn í stöðuna sem upp er komin og tryggja áframhaldandi starfsemi þeirra.

# Stjórnin kölluð saman í gær

Fiskeldi í brennidepli eftir að úrskurður felldi úr gildi starfsleyfi Fjarðalax og Arctic Fish á Vestfjörðum. Sjávarútvegsráðherra vill breyta lögum svo fyrirtækin loki ekki á meðan greitt er úr þeirra málum.



Ljóst er að fjölmörg störf eru í húfi á sunnanverðum Vestfjörðum, þar sem byggðin er viðkvæm ef fyrirtæki á borð við Arctic Fish og Fjarðalax myndu hætta starfsemi. Þeir sem tala gegn laxeldi segja náttúruverndarsjónarmiðin vega þyngra og vilja ekki að lax sé alinn í opnum sjókvíum.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfismálaráðherra var fenginn frá náttúruverndarsamtökum í embættið á vegum þingflokks VG. Hann hefur áður sagst vilja fara með mikilli gát þegar kemur að uppbyggingu laxeldis.



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir iðnaðarráðherra sagði um helgina að ekki sé hægt að una við þá stöðu sem uppi er á Vestfjörðum.

# Lýðheilsa



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Árlega má rekja um 63 prósent dauðsfalla í heiminum til sjúkdóma sem ekki eru komnir til vegna smits. Þetta eru hinir svokölluðu smitlausu sjúkdómar. Þessir kvillar eru jafn fjölbreyttir og þeir eru margir; oft krónísk veikindi, stundum skyndileg dauðsföll. Árið 2012 mátti rekja 38 milljónir dauðsfalla í heiminum til þessara sjúkdóma.

Koma má í veg fyrir langflesta smitlausa sjúkdóma, enda eru þeir oftar en ekki háðir breytum sem mögulegt er að stýra, eða eiga við. Flestar birtingarmyndir krabbameins má flokka sem smitlausan sjúkdóm sem háður er ytri breytum og þáttum. Hægt er að koma í veg fyrir 30 til 50 prósent allra krabbameina með því að lágmarka aukna áhættu sem hlýst af tóbaksreykingum, ofþyngd, offitu, lélegu mataræði, of lítilli hreyfingu, áfengisneyslu og loftmengun.

Krabbamein er því ekki aðeins bundið við óheppilegar stökkbreytingar í erfðaefni okkar og óstjórnlega fjölgun frumna í kjölfarið, heldur hverfist það að stórum hluta um okkar eigin ákvarðanir, umhverfi og lífsstíl.

Tíðindi af mikilvægum framförum í krabbameinslækningum og erfðavísindum dynja á okkur öllum stundum, og öðru hverju í bland við staðlausa stafi hómópata, grasalækna og annarra sölumanna snákaolíu um ósannreyndar aðferðir til að koma í veg fyrir krabbamein og aðra kvilla. Það er auðvelt, jafnvel freistandi, að falla í gryfju aðleiðslu sem byggð er á því sem blasir við okkur, í stað þess að komast að niðurstöðu eða ályktun á rökréttan hátt.

Það verður vafalaust erfitt að telja almenningi trú um að hann sjálfur beri á endanum mestu ábyrgðina. Raunar er slíkt ómögulegt þegar þjóðarleiðtogar og aðrir sem tök hafa til að móta opinbera umræðu lýsa því yfir að lækning verði að finnast við krabbameini. Sama hversu miklum peningum við ausum í krabbameinsrannsóknir þá verður afraksturinn aldrei lækning. Þannig eru slíkar yfirlýsingar aðeins til þess fallnar að létta ábyrgðinni af einstaklingum.

Eins mikilvægt og það er að efla rannsóknir á sviðum erfða og krabbameins, þá verður þessi mikilvægi vilji til að sigrast á hinu ósigranlega að endurspeglast í opinberri stefnumótun ríkis og sveitarfélaga. Þar sem einstaklingurinn er virkjaður í baráttunni og hvattur til að taka skynsamlegar ákvarðanir um lífsstíl sinn og umhverfi.

Það er auðveldara að koma í veg fyrir krabbamein en að lækna það. Með aukinni þátttöku í skimunum og snemmgreiningu krabbameins, auk bólusetningar við þeim veirum sem tengdar eru krabbameini (HPV), verður hægt að ná miklum árangri. En mikilvægasta aðgerðin mun ávallt taka til áhættuþátta í umhverfinu og bætts lífsmynsturs almennings. Slík áhersla krefst meiriháttar fjárfestingar, en ef við ætlum í annað borð að reyna að eiga við hið óviðráðanlega þá getum við allt eins gert það af eins miklum krafti og mögulegt er.

**Það er auðveldara að koma í veg fyrir krabbamein en að lækna það.**

## Halldór





# Varmadælur & loftkæling




- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins
kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og
20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land


## Frá degi til dags

**Árið hans Sigmundar**
**Í gær var ár liðið frá því Sigmundur Davíð Gunnlaugsson stofnaði Miðflokkinn og formaðurinn fagnaði „mögnuðu“ ári í kveðju til flokksmanna. „Aldrei höfðu fleiri flokkar verið í framboði. Samt varð niðurstaðan mesta fylgi sem nýtt framboð hefur fengið á Íslandi,“ skrifar Sigmundur. Á þessum tímamótum er honum efst í huga „þakklæti fyrir að hafa tækifæri til að vinna með svona stórum hópi af einstöku fólki og fyrir þann stuðning sem við höfum fengið“. Fullur tilhlökkunar siglir hann inn í annað árið í leit og framkvæmd lausna „sem virka fyrir Ísland“.**

**Heilræðavísur Kavanaughs**
**Hagyrðingurinn og guðfræðingurinn Jón Valur Jensson hyllir í Facebook-hópnum Boðnarmiði nýskipaðan hæstaréttardómara í Bandaríkjunum, Brett Kavanaugh, þegar hann yrkir um hvernig horfa megi til hans sem fyrirmyndar í ástarmálum. „Kynntu þér vininn hann Kavanaugh/ef konur í sleik viltu lokka./Þá færðu sem karlinn að kafa nóg/ í kvenlegan yndisþokka!/Enginn taki þau orð mín hér/sem annað en gamanmál,/ Kavanaughs hrein því að æran er/í augum mínum. Skál!“ Þótt mælandi ljóðsins árétti að vísan sé grín má ætla að því fylgi nokkur alvara af hálfu höfundar.**
**thorarinn@frettabladid.is**

# Fljótum við sofandi að feigðarósi?



Björn Þorláksson
upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar

Brýnt er að velta fyrir sér framlagi Íslendinga og stefnu til að sporna við hnattrænni hlýnun. Ef horft er til sviðs stjórnmálanna má spyrja hvers konar viðurlög og hvatakerfi eru æskilegust til að við verðum sjálfbært draumaþjóðfélag?

Framtíðarsýn Evrópu er að draumaþjóðfélagið losi lítinn koltvísýring og umhverfisvæn hagkerfi myndi grunn að velllíðan almennings ásamt þrautseigum vistkerfum. Helstu áskoranir tengjast ósjálfbærum framleiðslu- og neyslukerfum og áhrifum þeirra til langs tíma á vistkerfi og heilsu manna.

„Raunar eigum við erfitt með að skilja hugmyndina hvað það þýðir að lifa innan þolmarka plánetunnar. Það sem er hins vegar augljóst er að við verðum að breyta lykilkerfum á borð við samgöngu-, orku-, húsnæðis- og matvælakerfi ef við viljum breytingar til lengri tíma litið,“ sagði Hans Bruyninckx , framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Evrópu, þegar síðasta SOER-skýrsla um stöðu og horfur í umhverfismálum var kynnt.

Ísland hefur alla burði að standa sig vel og leggja fram þekkingu til alþjóðasamstarfs um umhverfismál. Hitt er ljóst hvað okkar heimahlutskipti varðar að þótt nægt neysluvatn og ýmsir aðrir þættir séu okkur hagfelldir, þarf umpólun á ýmsum öðrum sviðum í meðvitund einstaklinga, fyrirtækja, atvinnulífs og stjórnmála gagnvart mikilvægi umhverfismála.

Æska landsins virðist þó reiðubúin til að axla ábyrgð gagnvart losun gróðurhúsalofttegunda og öðrum ógnum sem steðja að veröldinni. Athygli hefur vakið að síðustu misseri hefur mátt sjá mikinn fjölda frétta þar sem börn eru leiðandi afl í umhverfismálum og vekja okkur hin sem eldri erum.

Hvort við verðum nokkru sinni „draumaþjóðfélag“ er erfitt að segja. En það er mikilvægt að meðvitund barnanna okkar skerðist ekki vegna þess að við, „fullorðnir Íslendingar“, séum þeim ekki nægilega góð fyrirmynd í umhverfismálum. Lífsgæði og afkomumöguleikar okkar eigin barna eru undir. Í þeim efnum dugar ekki að fljóta sofandi að feigðarósi.

**Hvort við verðum nokkru sinni „draumaþjóðfélag“ er erfitt að segja.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Hrunið blasir við



Gunnlaugur Stefánsson
Heydölum



Ég þekki af eigin reynslu úr stjórnmálunum hve sárt er að horfa upp á byggðir í landinu grotna niður af því að fjármagn skortir til fjárfestinga í öflugu atvinnulífi. Svo koma skyndilega norskir auðrisar með fullar hendur fjár og vilja setja upp risafiskeldi í opnum sjókvíum. Er það happafengur fyrir fólkið í dreifðum byggðum og frelsandi lausn fyrir stjórnmálamenn?

Hvað er það sem hvetur norska auðrisa til fjárfestinga í opnu sjókvíaeldi á Íslandi? Fullvissan um að mega gera það sem þeim er bannað að gera heima hjá sér í ljósi reynslunnar. Flóknara er það ekki. Reynslan af opna eldinu í nágrannalöndunum er skelfileg. Þar hefur nú víðast verið lokað á nýtt sjókvíaeldi og settar fram áætlanir um að það heyri brátt sögunni til, fari upp á land eða í lokuð kerfi. Það er ekki lengur dýrara en opna eldið. Hins vegar er eftirsóknarvert að helga sér ný svæði í landi þar sem eldisleyfin eru nánast ókeypis. Leyfin sem Úrskurðarnefndin var núna að ógilda hefðu kostað 45 milljarða í Noregi samkvæmt uppboðum þar í landi. Svo er hvetjandi að hafa stjórnmálamenn ginnkeypta fyrir hvaða atvinnuuppbyggingu sem er í veikum byggðum, eftirlitskerfi í skötulíki og regluverk vanþróuð, en megi móta með hagsmuni eldisins að leiðarljósi.

Eru byggðirnar þá í boði fyrir hvað sem er? Hvar er sjálfsvirðing okkar? Erum við tilbúin að fórna landinu fyrir skammtímagróða norskra auðrisa, óafturkræf umhverfisspjöll og áróður um skýjaborgir? Saga byggðanna á Íslandi er þyrnum stráð af alls konar ævintýrum. Oftast sá fólkið ekki fyrir sáran endi þeirra. En ef litið er til reynslunnar af opnu sjókvíaeldi hér á landi og í nágrannalöndum, þá blasir hrunið við. Ekki aðeins fyrir villta laxastofna og náttúruna, heldur mannlífið í byggðunum. Þá neita allir að axla ábyrgð, en heimafólkið og náttúran sitja eftir með tjónið í fanginu.

**Eru byggðirnar þá í boði fyrir hvað sem er? Hvar er sjálfsvirðing okkar? Erum við tilbúin að fórna landinu fyrir skammtímagróða norskra auðrisa, óafturkræf umhverfisspjöll og áróður um skýjaborgir?**

Opin eldisiðja er hrein tímaskekkja. Lús, óútskýrður fiskdauði, sjúkdómar, fiskur sleppur, erfðablöndun við villta stofna, uppsöfnuð mengun og óþrifnaður skaðar lífríkið í fjörðunum. Þetta veldur því að virt matsfyrirtæki vilja ekki votta matvæli úr svona framleiðslu. Er nema von að íslenska kokkalandsliðið neiti að leggja nafn sitt við slíkar afurðir eða virtir veitingastaðir bera á borð gesta sinna. Dreifðar byggðir eiga betra skilið en þessar fabrikkur. Er ekki nóg komið af ævintýrum? Hvar er metnaður stjórnmálamanna sem telja opið sjókvíaeldi boðlegt fyrir landsbyggðarfólk? Myndi þeim detta í hug að biðja um nokkrar kvíar á sundin í Reykjavík?

Væri nú ekki ráð að virða úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfismála og skoða í alvöru hvað er best fyrir náttúruna og fólkið í landinu með því að allt fiskeldi fari upp á land eða í lokuð kerfi, en leyfa norskum auðrisum að glepjast einum af sínum ævintýrum?

Það væri reisn að því.

**Hluthafafundur í Reitum fasteignafélagi hf. 31. október 2018.**

Stjórn Reita fasteignafélags hf. boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður miðvikudaginn 31. október 2018 kl. 9:00 á skrifstofu félagsins að Kringlunni 4-12, Reykjavík, 3. hæð.

**Dagskrá fundarins verður sem hér segir:**

1. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
2. Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar.
3. Tillaga um laun tilnefningarnefndar.
4. Tillaga um skipun tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
5. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins varða 15. og 17. gr. samþykktanna, en breytingarnar lúta að því að koma á fót tilnefningarnefnd í félaginu. Tillögur undir dagskrárliðum nr. 3. og 4. eru háðar því að hluthafar samþykki áður tillögur undir dagskrárliðum 1. og 2., að öðrum kosti falla þeir dagskrárliðir niður.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð á eyðublaði eða í samræmi við eyðublað sem aðgengilegt er á vef félagsins, www.reitir.is/hluthafafundir. Rafrænt umboð skal sent félaginu á netfangið stjorn@reitir.is áður en fundur hefst.

Ekki er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðslur á hluthafafundinum verði skriflegar nema einhver fundarmanna krefjist þess eða fundarstjóri úrskurðar um annað. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist á skrifstofu félagsins eða á netfangið stjorn@reitir.is eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 9.00 föstudaginn 26. október 2018.

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða rafrænt á netfangið stjorn@reitir.is í síðasta lagi 20. október næstkomandi fyrir kl. 16.00.

Dagskrá hluthafafundarins og tillögur sem fyrir hann verða lagðar, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um fundinn má finna á vef félagsins, www.reitir.is/hluthafafundir.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst og fengið fundargögn afhent.

**Stjórn Reita fasteignafélags hf.**

Kringlan 4–12
103 Reykjavík
www.reitir.is
575 9000

REITIR
*Velkomin til starfa*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## Framkvæmdir hafnar í Kópavogi




**Breyttir tímar** Hafist var handa við að grafa upp hluta Kópavogsvallar í gær í aðdraganda þess að framkvæmdir eru að hefjast við að leggja gervigras á völlinn fyrir næsta tímabil. Bæði Breiðablik og Víkingur Reykjavík stefna á að vera komin á gervigras á næsta ári sem þýðir að sex lið í Pepsi-deild karla og fimm lið í Pepsi-deild kvenna, eða annað hvert lið í efstu deild, munu leika á gervigrasi á næsta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mikill léttir að fá loksins svör þótt að það sé brot í bakinu

**Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir fékk að vita það á dögunum að hún væri með álagsbrot í neðsta hryggjarliðnum og hafi verið með það á Evrópumótinu í sumar. Ásdís segist vera fegin að loksins sé búið að greina vandamálið sem hefur verið að plaga hana undanfarið ár og að hún núna unnið í endurhæfingunni.**

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir fékk loksins svör við bakmeiðslunum sem hafa verið að plaga hana undanfarna mánuði. Neðst í mjóbakinu er sprunga vegna álags og hefur hún því æft og keppt að undanförnu með brot í bakinu.

„Ég fór nýlega í skoðun þar sem kom í ljós að ég hef fengið álagsbrot í bakið, líklegast síðasta sumar. Þetta er í þeim hluta hryggjarins að ég finn aðeins fyrir þessu þegar ég kasta spjótinu en ekki við styrktaræfingar,“ sagði Ásdís og hélt áfram:

„Verkurinn hvarf eftir tímabilið í fyrra þegar ég hætti að kasta og tók sig upp á ný í vor en ég reyndi að halda honum niðri í ár með sjúkraþjálfun. Hvenær nákvæmlega þetta álagsbrot tók sig upp þori ég ekki að segja en þetta er gamalt brot, það sást við skoðunina að þetta er allavega sex mánaða gamalt. Það er líklegt að þetta hafi gerst í fyrra og að það hafi opnast á ný í ár þegar álagið jókst og fékk ekki að gróa.“

Óvíst er hvenær hún getur kastað spjóti á ný en hún þarf að fara varfærnislega í það.

„Það er erfitt að segja með álagsbrot, þau taka oft lengri tíma en beinbrot að gróa og það fer eftir álagi á svæðið. Ég fékk sprautu til að minnka bólguna til að flýta fyrir




Ásdís undirbýr hér kast á EM í Berlín í sumar þar sem hún kastaði með brot í baki 58,64 metra en Íslandsmet hennar er 63,43 metrar. NORDICPHOTOS/GETTY

endurhæfingunni og þarf ekki að fara í aðgerð og núna er bara verið að bíða eftir endurhæfingu. Ég geri ráð fyrir að fara aftur í sömu skoðun áður en ég kasta spjóti á ný til að vera örugg um að beinið sé búið að gróa. Ég vill ekki taka kastæfingu og lenda í því að brotið opnist á ný.“

Hún segir það vissan létti að þetta sé loksins komið á hreint eftir margra mánaða óvissu.

„Það var mjög góð tilfinning og mikill léttir að heyra loksins hvað var að og hvernig hægt væri að takast á við það. Ég tók þessi meiðsli ekkert alvarlega í byrjun, hélt að þetta myndi fara innan skamms og reyndi að halda þessu niðri. Það gekk vel að æfa í vetur og ég kastaði mjög vel þegar ég hóf það í vor en þegar þetta tók sig aftur upp þá lá þetta afar þungt á mér. Ég fann alltaf fyrir óþægindum og yfirleitt nístandi sársauka þegar ég kastaði og það tók á andlega. Ég vissi ekki hvort ég yrði með tárin í augunum þegar ég kæmi heim af æfingu,“ segir Ásdís sem sagði að það hefði komið sá tími að hún óttaðist um ferilinn.

„Það kom tímapunktur, í sumar gat ég kastað en fann alltaf fyrir óþægindum, og maður hugsaði hvað yrði um ferilinn. Þegar ég hugsa til baka er það klikkun að hafa verið að halda áfram með brot í baki. Við reyndum hvað sem hægt var en okkur tókst aldrei að finna út hvað þetta var og það reyndi á, það var ekki hægt að sjá neina lausn þegar við þekktum ekki vandamálið. Það hefðu eflaust margir tekið þessum fregnum illa en ég var bara fegin.“

Hún rétt missti af úrslitunum á EM í Berlín þar sem hún lenti í 13. sæti og átti flott köst þrátt fyrir meiðslin.

„Það er ótrúlegt að hugsa til baka að hafa náð 13. sæti á EM með brot í baki en á sama tíma ótrúlega svekkjandi. Á fyrstu æfingum sumarsins var ég að kasta það vel að ég hefði komist á verðlaunapall í Berlín. Ég þurfti líka að horfa á eftir sæti í úrslitunum í lokakastinu þegar æfingafélagi minn gerði út um vonir mínar í annað sinn, það var ótrúlega svekkjandi,“ sagði Ásdís. kristinnpall@frettabladid.is

## Nýjast

**Olís-deild karla**

**KA - Grótta 21-22**

**KA:** Dagur Gautason 5, Sigþór Gunnar Jónsson 4, Allan Norðberg 4, Áki Egilsnes 4, Sigþór Árni Heimisson 2.

**Grótta:** Bjartur Guðmundsson 4, Sveinn Jose Rivera 4, Jóhann Reynir Gunnlaugsson 4, Alexander Jón Másson 3, Magnús Öder Einarsson 3.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 7 | Grótta | 3 |
| FH | 7 | ÍBV | 3 |
| Afturelding | 5 | Fram | 3 |
| Selfoss | 5 | Akureyri | 2 |
| Haukar | 5 | ÍR | 2 |
| KA | 4 | Stjarnan | 0 |

## Unnu stórsigur gegn Belgíu

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu skipað leikmönnum 19 ára og yngri tryggði sér í gær sigur í riðli sínum í undankeppni EM 2019 með því að vinna öruggan 5-1 sigur á Belgíu í Armeníu.

Ísland var, líkt og Belgía, búið að tryggja sæti sitt í milliriðlum fyrir leik dagsins með sigrum á Armeníu og Wales á síðustu dögum.

Hlín Eiríksdóttir, leikmaður Vals, skoraði tvö marka íslenska liðsins, Alexandra Jóhannsdóttir, sem leikur með Blikum og Keflvíkingurinn Sveindís Jane Jónsdóttir skoruðu sitt markið hvor. Leikmaður Belga varð svo fyrir því óláni að skora sjálfsmark. Belgum tókst að klóra í bakkann á 94. mínútu leiksins en lengra komust þær ekki.

Dregið verður í milliriðlana þann 23. nóvember næstkomandi og fara leikirnir fram í apríl og júní næstkomandi. Verða fjögur lið í hverjum riðli og kemst aðeins eitt lið úr hverjum riðli inn í lokakeppnina sjálfa sem fram fer í Skotlandi á næsta ári. – hó



**Axel slær með járni á EM atvinnukylfinga í sumar.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Axel hefur leik í Portúgal í dag

**GOLF** Axel Bóasson, atvinnukylfingur úr GK, mun í dag hefja leik á fyrsta stigi úrtökumótsins fyrir Evrópumótaröðina á næsta ári. Kylfingar þurfa að komast í gegnum þrjú stig til að komast inn í Evrópumótaröðina. Haraldur Franklín Magnús, GR, hefur þegar tryggt sér þátttökurétt á öðru stigi og mun Birgir Leifur Hafþórsson, GKG, einnig taka þátt á öðru stigi.

Er þetta í fimmta sinn sem Axel reynir við úrtökumótið fyrir Evrópumótaröðina sem er næst sterkasta mótaröð heims. Keppti hann í Áskorendamótaröðinni, næststerkustu mótaröð Evrópu, á nýafstöðnu tímabili en náði aldrei flugi þar. – kpt

# HAUSTÚTSALA!

# 30% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM OG GJAFAVÖRU

## 20% AFSLÁTTUR AF SÉRPÖNTUNUM



**CAMERICH CRESCENT SÓFI**

**KR. 324.000,-, NÚ KR. 226.800,-**

FÁANLEGUR Í GRÁU, BRÚNU OG LJÓSU ÁKLÆÐI

HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11-16.

## Merkisatburðir

**1192** Þriðja krossferðin endar með ósköpum og Ríkharður ljónshjarta og Saladín soldán gera með sér samning um rétt pílagríma til að heimsækja landið helga.

**1914** Umsátri Þjóðverja um Antwerpen lýkur með uppgjöf borgarinnar.

**1943** Á Hvoli í Mýrdal finnst lifandi leðurblaka og lifði hún í 10 daga. Leðurblaka hafði aldrei áður fundist á Íslandi.

**1950** Stofnað til Afreksmerkis hins íslenska lýðveldis, sem veita má þeim sem leggja líf og limi í hættu við að bjarga öðrum úr lífsháska.

**1962** Úganda hlýtur sjálfstæði frá Bretlandi.

**1963** Skáldatími eftir Halldór Laxness kemur út. Bókin vakti mikla athygli, enda gerir höfundurinn upp við sósíalismann í henni.

**1965** Dagur Leifs Eiríkssonar hins heppna er í fyrsta skipti haldinn hátíðlegur á Íslandi.

**1971** TF EIR, þyrla Landhelgisgæslunnar, brotlendir á Rjúpnafelli. Flugmaður og farþegi sluppu án meiðsla og höfðu gengið 40 kílómetra frá slysstaðnum er þeir fundust.

**1986** Fyrsta einkarekna sjónvarpsstöðin á Íslandi, Stöð 2, tekur til starfa undir stjórn Jóns Óttars Ragnarssonar.

**1992** Ný brú yfir Markarfljót vígð. Brúin er 250 metra löng og með henni styttist hringvegurinn um 5 kílómetra. Fyrri brú yfir fljótið var vígð 1. júlí 1934.

**2017** Íslenska landsliðið í knattspyrnu tryggir sér sæti á HM í Rússlandi árið 2018.




*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

---



✝

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Lilja Friðbertsdóttir**
Háengi 19, Selfossi,

lést þann 26. september.
Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu, frá Selfosskirkju þann 5. október.
Okkar innilegustu þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og allra sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug.

**Aðalheiður Gunnarsdóttir Jón Pálsson**
**Kristín Bára Gunnarsdóttir**
**Svanhvít Gunnarsdóttir Sigurður Hjartar Magnússon**
**Guðrún Lilja Gunnarsdóttir Örn Arason**
**Friðbert Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og systir,

**Jónína Margrét Ólafsdóttir**
leikkona og Alexandertæknikennari,

lést sunnudaginn 7. október sl.
í faðmi fjölskyldunnar.
Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni, mánudaginn 15. október kl. 15.00.

**Sonja Margrét Scott Axel Einar Guðnason**
**Felix Guðni Axelsson**
**Lára Axelsdóttir Scott**
**Alexía Margrét Axelsdóttir**
**Svanhvít Ólafsdóttir**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Sigríður Jakobsdóttir**
hjúkrunarfræðingur og exam.art. í persneskum fræðum, Hellerup, Kaupmannahöfn,

andaðist á Skt. Lukasstiftelsens Hospice í Hellerup föstudaginn 5. október. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Hans W. Rothenborg**
**Jens Rothenborg**
**Jórunn Rothenborg Erlendur Sturla Birgisson**
**Daniel Hans Erlendsson**
**Alexander Erlendsson Halldóra Markúsdóttir**
**og barnabarnabarn.**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Jóhanna Guðrún Gunnarsdóttir**
Borgartúni 30B,

lést á gjörgæslu Landspítalans í Reykjavík 6. október 2018.
Útför verður tilkynnt síðar.

**Kristján Georgsson**
**Gunnar Heimir Kristjánsson Selma Gísladóttir**
**Marín Kristjánsdóttir**
**Íris Björg Kristjánsdóttir Þórir Bergsson**
**Kristján Unnar Kristjánsson Soffía Marín Magnúsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Óskar Áskell Sigurðsson**
Austurkór 65,

lést á hjartadeild Landspítalans 3. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 10. október kl. 13.00.

**Rebekka Alvars**
**Guðríður Magnúsdóttir**
**Karen Rakel Óskarsdóttir Stefán Þór Helgason**
**Guðríður Svava Óskarsdóttir Halldór Benjamín Guðjónsson**
**Alvar Óskarsson Eydís Örk Sævarsdóttir**
**Edith Ósk Óskarsdóttir Kristinn Dan Guðmundsson**
**Kristín Eva Óskarsdóttir Ágúst Birgisson**

---



✝

Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Gylfi Kristinn Matthíasson**
verktaki,
Hofslundi 1, Garðabæ,

verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 11. október kl. 15.00.

**Kristín Erla Sveinbjarnardóttir**
**Sigurður Sv. Gylfason Jórunn Jónsdóttir**
**Erla Guðný Gylfadóttir Jón Ó. Guðmundsson**
**Þórdís Anna Gylfadóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,

**Karl Harðarson**
andaðist 5. október.
Útförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Ragnheiður Lára Jónsdóttir**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingveldur Sigurðardóttir**
**(Stella)**
til heimilis á Dvalarheimili Stykkishólms,

lést á St. Franciskusspítala, Stykkishólmi, 4. október sl. Útför verður auglýst síðar.

**Aðstandendur.**

---



✝

Okkar ástkæra,

**Ingibjörg Guðjónsdóttir**
Ofanleiti 5, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 6. október.

**Kristmann Óskarsson Bergljót Hermundsdóttir**
**Sigríður Guðjónsdóttir Jón Ingvarsson**
**Guðjón Axel Guðjónsson Katrín Björk Eyvindsdóttir**
**Kristín Laufey Guðjónsdóttir Óðinn Vignir Jónasson**

---



Elskuleg móðir mín og systir okkar,

**Guðrún Sigríður Haraldsdóttir**
listamaður,

lést í London 5. október.

**Óðinn Örn Hilmarsson**
**Brynjar Haraldsson**
**Þórir Haraldsson**

---



✝

Yndislegur eiginmaður, faðir, afi ,sonur og bróðir,

**Karl Óskar Jónsson**

lést 13. september 2018.
Útför hans hefur þegar farið fram í kyrrþey.

**Anna Wojtowicz**
**Jón T. Karlsson**
**Stella F. Sigurðardóttir**
**Elvar B. Sigurðsson**
**Anna K. Sigurðardóttir**
**Berglind H. Jónsdóttir**
**Alexandra**
**Matthías Jón**
**Pétur**
**Basia**
**Kristín Líf**
**Aníta Sonja**
**aðrir aðstandendur.**

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 9. OKTÓBER 2018



Guðbjörg Sverrisdóttir, fyrirliði kvennaliðs Vals í körfubolta, kemur vel undirbúin til leiks fyrir nýhafið tímabil. Hún gírar sig upp með góðri tónlist. →6

100% HREINT
**KOLLAGEN**
FYRIR ANDLITIÐ




Fæst í apótekum, Heilsuhúsinu og www.heilsanheim.is



Elín spáir því að eftir tíu ár fari allir krabbameinssjúklingar í gegnum endurhæfingu í formi hreyfingar og líka á meðan á meðferð stendur. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Eins og rússíbani

Elín Skúladóttir greindist með brjóstakrabbamein í byrjun árs í fyrra. Í kjölfarið breytti hún um lífsstíl, kafaði djúpt í jógafræði og gerðist vegan. →?

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is





Elín fékk hormónatengt brjóstakrabbamein og segir kraftaverki líkast hversu vel lyfjameðferðin gekk en þessi mynd er tekin á þeim tíma. Hún er þakklát fyrir að hafa getað nýtt sér jóga í þessum veikindum. Elín situr í stjórn Krafts en þar er alltaf verið að finna upp á nýjungum fyrir félagana. MYND/JÓNATAN GRÉTARSSON

Eftir að ég greindist með brjóstakrabbamein varð ég ofboðslega upptekin af rannsóknum á því hvað hefur áhrif á krabbamein, hvernig maður kemur sér í gegnum lyfjameðferð og hvað hægt er að gera til að reyna að draga úr líkum á endurkomu sjúkdómsins," segir Elín Skúladóttir en hún greindist með brjóstakrabbamein í apríl í fyrra.

Elín, sem vinnur hjá Fjármálaeftirlitinu og kennir jóga hjá Hress, komst að því að hreyfing er eitt af því stóra sem litið er á í þessum efnum. „Jóga hefur klárlega mikið að segja og almenn hreyfing í víðtækum skilningi er mjög mikilvæg. Í því sambandi má líka nefna gönguferðir og styrktarþjálfun. Ég spái því að eftir tíu ár fari allir krabbameinssjúklingar í gegnum endurhæfingu í formi hreyfingar og líka á meðan á meðferð stendur."

## Kraftaverk hversu vel gekk

Lyfjameðferðin gekk vel og Elín er nú undir reglulegu eftirliti lækna. „Fyrir mér er kraftaverki líkast hversu vel hún gekk. Í upphafi lyfjameðferðar veit maður ekkert hverju hægt er að eiga von á. Þetta er eins og að loka augunum og setjast í rússíbana án þess að vita hvað hann er langur eða hvort það sé gat á honum svo maður fari fram af og deyi í leiðinni. Þetta er fullkomin óvissa," segir Elín og bætir við að hún hafi haldið góðri heilsu alla lyfjameðferðina.

„Ég var með hormónatengt krabbamein, sem bregst því miður ekki eins vel við lyfjameðferð og aðrar gerðir en mitt gerði það nú samt. Krabbameinslæknirinn minn sagði mér í upphafi meðferðar að það yrði góður árangur ef æxlin myndu minnka um fimmtíu prósent en í lok hennar kom í ljós að þau hurfu alveg. Hann sagði að ég væri heppin. Ég tengi það við annað og það er alveg sama hvort okkar hefur rétt fyrir sér," segir Elín.

## Breytti um lífsstíl

Eftir að Elín greindist með meinið gerði hún miklar breytingar á sínum lífsstíl. Hún breytti mataræðinu og gerðist vegan. „Það er ein besta ákvörðun sem ég hef tekið fyrir sjálfa mig en fjöldi rannsókna sýnir að það er lægri tíðni á krabbameini hjá grænmetisætum en öðrum. Vissulega eru átök að breyta gömlum venjum, sérstaklega þegar maður gengur í gegnum svona rosalegar þrengingar en það er líka gott að gera eitthvað sjálfseflandi, taka sjálfur stjórnina einhvers staðar og gera eitthvað sem maður hefur trú á að geri manni gott. Í heildina var það því ekki erfitt heldur frelsandi," segir Elín.

## Kennir jóga hjá Krafti

Frá því í byrjun október hefur Elín kennt fitonsjóga hjá Krafti, félagi ungs fólks sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra. „Ég hef kennt jóga um árabil en tók mér hlé frá kennslu þegar ég greindist. Ég sit í stjórn Krafts og við erum alltaf að hugsa um hvað við getum gert fyrir okkar félagsmenn. Við vitum að jóga er gott fyrir fólk, bæði meðan á meðferð stendur og einnig að henni lokinni. Jóga er ekki aðeins holl hreyfing. Jóga gefur líka ró og slökun og minnir mann á að vera í núinu," segir Elín.

Hún segir jógatímana hjá Krafti vera í stöðugri þróun. „Við gerum alls konar stöður, ekki endilega léttar. Við reynum að ögra okkur en að sama skapi gefa okkur stund til að vera í núinu. Ég legg áherslu á góða slökun og nota til þess gong. Það er gott vegna þess að þegar maður gengur í gegnum veikindi er margt sem truflar hugann, það er svo mikið að gerast í kollinum á manni," segir Elín.

> „Í upphafi lyfjameðferðar veit maður ekkert hverju hægt er að eiga von á. Þetta er eins og að loka augunum og setjast í rússíbana án þess að vita hvað hann er langur eða hvort það sé gat á honum svo maður fari fram af og deyi í leiðinni.
>
> Elín Skúladóttir

## Kafaði í fræðin

„Þegar ég fór í gegnum krabbameinsmeðferðina var ég þakklát fyrir að kunna jóga og geta nýtt mér þá þekkingu. Ég fór líka að kafa öðruvísi í jóga en áður og skoða það meira út frá lífsspekinni en ekki aðeins sem hreyfingu og öndun. Mig langaði að tileinka mér það í stærra samhengi," segir Elín en hún kynntist jóga þegar hún vann á skemmtiferðaskipi á sínum yngri árum.

„Mér var eiginlega ýtt út í jóga án þess að ég ætlaði mér það en ég fór í fyrsta tímann þegar ég var um tvítugt. Mér fannst það hræðilega leiðinlegt og tíminn einstaklega lengi að líða. Svo fór ég að vinna hjá fyrirtæki sem er sérhæft í hreyfingu og snyrtingu og þjónustar stærstu skemmtiferðaskip í heimi. Ég var valin til að fara á lítið skip sem er vinsælt hjá fokríku fólki. Þá var ég sett á jógakennaranámskeið og svo send út á haf að kenna jóga," rifjar Elín upp. Allar götur upp frá því hefur hún kennt jóga.

„Núna ætla ég að bæta við mig og læra enn meira. Eftir áramótin fer ég á jógakennaranámskeið sem heitir Jivamukti og er haldið á Indlandi. Um er að ræða virt jógakennaranám á vegum bandarískra jóga. Þeir hafa verið áberandi í Bandaríkjunum og m.a. kennt Sting, Madonnu og fleiri stórstjörnum jóga. Þeir kenna það sem heildstætt kerfi, ekki bara sem hreyfingu heldur líka með áherslu á grænmetisfæði. Ég er mjög spennt að fara út og læra meira," segir Elín bjartsýn á framtíðina.




Hyprosan augndropar innihalda hypromellósa og eru ætlaðir til meðferðar við augnþurrki, þ.m.t. glæru- og tárusiggi (keratoconjunctivitis sicca), hjá fullorðnum. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðil fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og auakverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.sérlyfjaskrá.is. September 2018.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Minni sykurlöngun, jafnari blóðsykur og aukin orka

Raspberry Ketones frá Natures Aid getur hjálpað til að losna við sykurþörfina og minnka matarlöngunina. Fjölmargir tala um aukna orku, að auðveldara sé að losna við aukakílóin og halda kjörþyngd.

Sykur er eitthvað sem gleður bragðlauka flestra okkar en getur líka verið eitt það óhollasta sem við látum ofan í okkur. Sykurinn getur nefnilega valdið fíkn sem þýðir að erfitt er að hætta neyslu án þess að finna verulega fyrir því. Sykurneysla getur valdið bólgum í líkamanum sem við finnum oft sérstaklega fyrir í liðunum. Hann kemur ójafnvægi á þarmaflóruna, getur valdið sveppasýkingum, hefur slæm áhrif á blóðsykurinn og insúlínframleiðslu líkamans sem ýtir undir fitusöfnum. Það er því til mikils að vinna fyrir okkur að losna við sykurinn og hefur Rasperry Ketones reynst mörgum vel í þeim efnum.




### Náttúrulegur andoxunargjafi

Rasberry Ketones er náttúrulegur andoxunargjafi sem inniheldur kjarna úr hindberjum og grænt te. Rasperry Ketones getur haft áhrif á hormónið adiponectin sem heilbrigt fólk í kjörþyngd hefur í miklu magni í líkamanum. Þetta hormón getur aukið insúlínnæmi sem þýðir að blóðsykurinn er jafnari og svo brennum við fitu betur. Þegar þessi hormón starfa rétt, ásamt því að við borðum hollan mat og hreyfum okkur reglulega, þá söfnum við ekki umframfitu.

### Fitubrennsla

Grænt te er fullt af andoxunarefnum og lífrænum efnasamböndum sem geta haft mikil áhrif á starfsemi líkamans. Þar á meðal er bætt heilastarfsemi, fitutap (aukin fitubrennsla) og það getur dregið úr líkum á fjölmörgum sjúkdómum.

### Dregur úr sykurþörf og eykur kraft

Agnes Hlíf Andrésdóttir er viðskiptastjóri á auglýsingastofunni H:N , móðir og áhugamanneskja um heilbrigðan lífsstíl. „Ég sinni krefjandi starfi sem krefst bæði mikils aga og einbeitingar á hverjum einasta degi. Það skiptir mig því gríðarlega miklu máli að æfa reglulega og huga vel að næringunni minni.“



Agnes Hlíf segir það lykilinn að velgengni, bæði í leik og starfi, að halda góðu jafnvægi í mataræði og hreyfingu.

Agnes Hlíf segir það lykilinn að velgengni, bæði í leik og starfi, að halda góðu jafnvægi í mataræði og hreyfingu. Það skipti ekki síður máli að vera góð fyrirmynd og stundum geti stríðið við sykurpúkann tekið á. „Rasberry Ketones kom því eins og himnasending inn í líf mitt. Það dregur ekki aðeins úr sykurþörfinni heldur gefur mér aukinn kraft í æfingarnar og veitir oftar en ekki þetta „litla auka“ sem stundum vantar upp á þegar kemur að daglegu amstri,“ segir Agnes Hlíf.

„Ég byrja daginn alltaf á að taka eina töflu fyrir morgunmat og finn hvernig það gefur mér strax auka kraft inn í daginn. Svo tek ég eina áður en ég fer á æfingu, hvort sem það er í hádeginu eða seinnipartinn. Fyrir mér er Raspberry Ketones jafn mikilvægt og lýsið er fyrir börnin mín,“ útskýrir hún.

„Græna te-ið í Raspberry Ketones hjálpar mér að halda góðri einbeitingu lengur og orkan helst jafnari og stöðguri en ella. Ég mæli hiklaust með Raspberry Ketones fyrir fólk með marga bolta á lofti.“

### Veldu gæði

Hvert hylki inniheldur 400 mg af hreinum Raspberry kjarna ásamt 35 mg kjarna af hreinu grænu tei. Það inniheldur engin litarefni eða rotvarnarefni, laktósa eða ger. Raspberry Ketones Advance frá Natures Aid er GMP vottað (Good manufacturing process) og uppfyllir það ströngustu gæðakröfur sem völ er á.

Fæst í apótekum heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# Náttúruleg lausn við vægum sveppasýkingum

Topida Intimate sprey er notað á svæði með sveppasýkingu sem veldur pirringi, særindum eða kláða hvort sem um fætur eða kynfærasvæði er að ræða.

Sveppasýkingar geta verið ansi hvimleiðar og stundum erfitt að uppræta þær. Uppistaðan í Topida spreyinu, sem hefur reynst vel gegn vægum sveppasýkingum, er náttúrulegar olíur og jurtir og er það án kemískra efna og parabena sem þýðir að það má notast eftir þörfum, hvar og hvenær sem er.

### Heitir pottar og þröngar buxur

Fjölmargar skýringar geta verið á því af hverju við fáum sveppasýkingar. Þær eru af völdum svepps af tegundinni Candida albicans en hann er til staðar í flestum einstaklingum. Hann er einkum að finna í munni, meltingarfærum og leggöngum og sumir eru einnig með hann á húðinni. Þessi sveppur lifir á líkama okkar í jafnvægi við aðrar örverur eins og bakteríur og gerir okkur alla jafna ekkert mein. Ef eitthvað fer úrskeiðis í þessu jafnvægi getum við fengið sveppasýkingar einhvers staðar á líkamanum.

Ójafnvægi á þarmaflóru eða sýrustig í leggöngum getur verið orsökin, smit með kynmökum, þröngar buxur, gerviefni í nærfatnaði og margt fleira getur valdið sýkingum sem við finnum fyrir. Sveppasýkingar blossa upp ef það verður ójafnvægi í bakteríuflórunni okkar eða sýrustigi og geta þær verið á kynfærum sem og annars staðar á líkamanum.

Sveppasýkingar af völdum Candida eru algengastar í munni (þruska), leggöngum og vélinda en þær geta komið nánast hvar sem er og eru sveppasýkingar á fótum einnig algengar.

### Breytingaskeið kvenna

Konur sem komnar eru á breytingaskeiðið kannast margar við




þurrk í leggöngum. Slímhúð í leggöngum sem hefur hingað til séð um að verja þetta svæði er orðin mikið minni, stríðið minnkar og sýkingar geta átt greiðari aðgang. Það gæti verið skýring á aukinni lykt sem margar konur finna fyrir á þessu aldursskeiði og svo fylgir þurrkinum líka kláði og óþægindi sem getur reynst erfitt að losna við þrátt fyrir mikið hreinlæti.

### Topida er náttúruleg lausn

Vægar sveppasýkingar, pirring og kláða þarf ekki alltaf að meðhöndla með lyfjum. Góðir mjólkursýrugerlar eru alltaf til góðs og svo Topidan sem er náttúruleg lausn og hefur reynst



Topida virkar róandi á húð, dregur úr bólgu, er sveppadrepandi og minnkar kláða.

mörgum vel. Topida virkar róandi á húð, dregur úr bólgu, er sveppadrepandi og minnkar kláða.

Regluleg notkun getur gert líkamanum kleift að byggja upp heilbrigða bakteríuflóru og jafna PH-gildið, sem kemur í veg fyrir að sveppurinn nái að fjölga sér á ný. Topida er einfaldlega spreyjað á sýkta svæðið sem gerir það mjög þægilegt í notkun og þar sem um náttúrulega húðmeðferð er að ræða, má nota það eins oft og þurfa þykir. Við mælum þó með inntöku á góðum mjólkursýrugerlum samhliða.

### Innihaldsefni

Topida inniheldur ilmkjarnaolíur sem draga úr einkennum og eru öflugar gegn sýkingum og sveppum, þetta eru: Sandalviður, Manuka, Tee tree, Lemon tea tree, tímian-, hvítlauks-, fennel- og piparmintuolía. Þessi náttúrulega vara er að sjálfsögðu án parabena, kortisóns, alkóhóls, sýklalyfja og kemískra efna.

# Jákvæð snerting getur skipt sköpum fyrir heilsuna

**Snerting, faðmlög og kossar frá þeim sem okkur þykir vænt um og treystum getur verið með því hollasta sem völ er á. Fyrir því eru fjölmargar ástæður, flestar líffræðilegar sem eiga sér rætur djúpt í þróunarsögu mannsins.**



Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Snerting getur verið af ýmsum toga og rannsóknir sýna fram á að jafnvel lítil snerting eins og að haldast í hendur getur verið verkjastillandi og róandi.



Fjölmargar rannsóknir sýna að ástrík vina- eða parasambönd þar sem snerting er algeng geta stuðlað að bættri heilsu og lægri blóðþrýstingi.



Þegar við snertum, föðmum eða kyssum vin eða ástvin er snertingin hlaðin merkingu. Við leitum að væntumþykju, tengslum eða erum að láta í ljós einhverja þörf. Ólíkir menningarheimar hafa ólíkar aðferðir til að tjá blíðu eða virðingu en sumir telja að á Vesturlöndum höfum við sett snertingu inn í svo þröngan ramma að það sé að verða okkur fjötur um fót, að fólk þjáist í raun af snertingarleysi og þangað megi meðal annars rekja tíðni ofbeldis sem felur í sér óvelkomna snertingu. Líkamleg snerting er auðvitað ekki alltaf velkomin eða viðeigandi og þegar ókunnugt fólk á hlut getur hún verið ofbeldi.

Nýleg finnsk rannsókn leiddi í ljós að hvort snerting hefur jákvæð eða neikvæð áhrif er alfarið háð samhengi og snerting leiði ekki alltaf til jákvæðra tilfinninga. En rannsóknir sýna líka að snerting er gríðarlega mikilvæg fyrir mannkynið þegar kemur að því að deila tilfinningum og viðhalda samböndum, bæði rómantískum og félagslegum.

Frægar rannsóknir hafa sýnt að börn sem vaxa úr grasi án snertingar sem ber í sér væntumþykju eiga oft við þroskavanda að etja og eiga erfitt með að fóta sig félagslega. Að snerta og vera snert hefur áhrif á þau svæði í heilanum sem stjórna því hvernig við hugsum, bregðumst við og hvernig okkur líður. Ein rannsókn sýnir til dæmis að snerting með væntumþykju virkjar framheilann sem hefur með nám og ákvarðanatöku að gera auk þeirra áhrifa sem hún hefur á tilfinningaþroska og félagslega hegðun.

Snerting getur líka verið róandi og vakið öryggi hjá fólki sem er undir álagi þar sem hún sendir skilaboð um stuðning og samkennd. Sænsk rannsókn frá í fyrra staðfestir þau aldagömlu sannindi að það að faðma og strjúka börnum sem líður illa róar þau og skapar öryggi og vellíðan.

Í þessu samhengi hefur umræða farið af stað um snertingu í sálfræðimeðferð og hvort mögulega jákvæðar afleiðingar snertingar trompi mögulegar siðfræðilegar spurningar.

Staðreyndin er sú að við sækjum í að faðma þá sem okkur þykir vænt um einmitt vegna þess að við fáum þar staðfestingu á huggun og væntumþykju. Rannsóknir hafa sýnt að konur sem nota líkamlega snertingu til að styðja maka sína sýna meiri virkni á heilasvæðum sem hafa með verðlaun að gera og þannig getur það að faðma einhvern sem líður illa verið gott fyrir bæði þann sem er faðmaður og þann sem faðmar þar sem báðir aðilar auka þannig góðar tilfinningar og styrkja tengslin. Hollenskar rannsóknir sýna að faðmlag frá þeim sem okkur þykir vænt um getur létt á tilvistarkreppu og fjarlægt sjálfsefasemdir. Sömu rannsóknir gefa til kynna að það að snerta gæludýr og jafnvel bangsa getur haft svipuð áhrif sem sýnir hvað snerting er ótrúlega mikilvæg mannverum þar sem jafnvel eitthvað sem líkir eftir snertingu við aðra manneskju getur stillt tilvistarkreppu í hóf. Enn aðrar rannsóknir sýna að óyrt væntumþykja eins og að faðmast eða kyssast getur dregið úr streitu og þeim skaða sem hún veldur. Þá hefur það sýnt sig að jákvæð líkamleg snerting getur dregið úr hættu á sýkingu í öndunarfærum og þeir sem fá samt kvef og eru faðmaðir með kvefið eru fljótari að ná sér.

**Snerting og sérstaklega faðmlög og knús stuðla að vellíðan og bættri heilsu.**

Ástrík ástarsambönd þar sem mikið er um snertingu hafa einnig jákvæð áhrif á heilsufar. Þannig eru konur í þannig samböndum með lægri blóðþrýsting og púls. Þá má benda á að tungukossar geta virkað eins og bólusetning þar sem áttatíu milljón bakteríur geta farið á milli í tíu sekúndna kossi sem gefa líkamanum tækifæri til að mynda mótefni. Tilraunir hafa einnig sýnt að tungukossar eru þróunarfræðilega mikilvægir þegar kemur að því að velja sér maka, einkum fyrir konur, þar sem í munnvatni er að finna efnafræðiblöndu sem gefur til kynna hvernig fólk passar saman til afkvæmagerðar.

Snerting er líka verkjastillandi, jafnvel bara það að haldast í hendur getur minnkað verki sýnir rannsókn frá 2017.

Það er því ljóst að snerting hefur meiri áhrif á heila okkar, líkama og líðan en okkur gæti órað fyrir sem er mikilvægt að hafa í huga. Eitt faðmlag getur dimmu í dagsljós breytt, og skynjun okkar og annarra á veröldinni til hins betra.




GERÐU LEIÐI ÁSTVINA ÞINNA
FALLEGT FYRIR JÓLIN
Mikið úrval fallegra legsteina
á mjög góðu verði
2041
149.900 KR.
ÁÐUR: 276.600 KR.
104
329.420 KR.
ÁÐUR: 482.900 KR.
6010
288.620 KR.
ÁÐUR: 431.900 KR.
2021
315.520 KR.
ÁÐUR: 451.900 KR.
2006
295.820 KR.
ÁÐUR: 440.900 KR.
2006
249.420 KR.
ÁÐUR: 382.900 KR.
129
353.420 KR.
ÁÐUR: 512.900 KR.
129-3
385.420 KR.
ÁÐUR: 552.900 KR.
ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.
MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK
Graníthöllin
Legsteinar
SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# Finnst gott að byrja daginn á nýbökuðu Bláfjallabrauði

**Fyrirliði kvennaliðs Vals í körfubolta, Guðbjörg Sverrisdóttir, kemur vel undirbúin til leiks fyrir nýhafið tímabil. Hún gírar sig upp fyrir leik með góðri tónlist og segir að fiskur í raspi með soðnum kartöflum og remúlaði sé uppáhaldsmaturinn sinn. Liðið stefnir á úrslitakeppnina í vor.**

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Domino's-deild kvenna í körfubolta hófst í síðustu viku en silfurliði síðasta árs, Val, er spáð öðru sæti í ár í árlegri spá forráðamanna, fyrirliða og þjálfara deildarinnar. Valskonur hafa haft æft stíft í sumar og undirbúið veturinn vel að sögn Guðbjargar Sverrisdóttur, fyrirliða og eins af lykilmönnum liðsins, sem átti góðan leik í fyrsta sigurleik tímabilsins gegn Skallagrími og skoraði 18 stig. „Við vorum mjög duglegar að æfa í sumar enda ætlum við okkur stóra hluti í vetur. Liðið er með mjög flottan styrktarþjálfara auk þess sem við höfum frábæra aðstöðu í Origo höllinni, heimavelli Valsara, sem gerir okkur kleift að æfa eins og atvinnumenn. Fyrir tímabilið setti ég mér persónuleg markmið sem ég held út af fyrir mig en markmið liðsins í ár er að enda í einu af í efstu fjórum sætunum þannig að við náum inn í úrslitakeppnina.“

> **Ég held að áhugi innan fjölskyldunnar hafi hjálpað mjög mikið við að halda manni við efnið. Mamma og pabbi koma á alla leiki sem þau geta og er körfubolti oftar en ekki aðal umræðuefnið á heimilinu.**

### Stuðningur að heiman

Guðbjörg kemur úr mikilli körfuboltafjölskyldu og var fimm ára þegar hún hóf að æfa körfubolta, þá með Haukum en hún ólst upp í Hafnarfirði. „Þá fylgdi ég pabba mínum á æfingar en hann þjálfaði flokkinn. Fyrst æfði ég með stelpum sem voru tveimur árum eldri en ég en þegar fjölgaði í árganginum mínum gat ég loks farið að æfa með jafnöldrum mínum. Ég æfði einnig fótbolta á sumrin en um þrettán ára aldurinn tók ég þá ákvörðun að einbeita mér alfarið að körfunni.“

Guðbjörg hefur leikið með yngri landsliðum Íslands og á að baki sextán leiki með A-landsliði kvenna. Hún þakkar árangur sinn m.a. stuðningi heiman frá. „Ég held að áhugi innan fjölskyldunnar hafi hjálpað mjög mikið við að halda manni við efnið. Mamma og pabbi koma alltaf á leiki þegar þau geta og er körfubolti oftar en ekki aðalumræðuefnið á heimilinu. Einnig skiptir miklu máli að huga vel að andlegu hliðinni ef góður árangur á að nást. Það er erfitt að spila vel ef manni líður ekki vel.“

Utan körfuboltans er Guðbjörg nýlega útskrifaður viðskiptafræðingur og hóf nýlega störf hjá Landspítalanum.



Guðbjörg Sverrisdóttir í fyrsta leik vetrarins gegn Skallagrími. Leikurinn vannst og Guðbjörg skoraði 18 stig. MYND/EYÞÓR

## Spurt og svarað

**Hvernig er dæmigerð helgi hjá þér?**
Dæmigerð helgi byrjar á æfingu á föstudagskvöldi og síðan aftur á laugardagsmorgni. Síðan eyði ég oft deginum í að lesa eða hanga með fjölskyldu og vinum og reyni að borða góðan mat.



**Hvernig lítur draumahelgin út?**
Draumahelginni væri eytt í sumarbústað með góðu fólki og góðum mat. Enginn sími og ekkert áreiti.

**Hvað færðu þér í morgunmat?**
Það er mjög misjafnt hvað ég borða í morgunmat en oftast er það Bláfjallabrauð með smjöri og osti. Dagurinn klikkar ekki þegar maður byrjar á nýbökuðu Bláfjallabrauði.



**Hvað finnst þér gott að fá þér í kvöldmat?**
Uppáhaldskvöldmaturinn er fiskur í raspi með soðnum kartöflum og remúlaði.

**Hvað finnst þér gott að fá þér í millimál?**
Það eru vínber.

**Ertu nammigrís?**
Ég er lítill nammigrís en segi ekki nei ef mér er boðið í Hagkaup á laugardegi.

**Áttu þér uppáhalds æfingu?**
Liðsæfingarnar sem við höfum eftir leiki eru uppáhaldsæfingarnar mínar. Þá erum við oft bara að hafa gaman og í virkri endurheimt.

**Hver er efnilegasti leikmaður deildarinnar?**
Ég tel að Ásta Júlía Grímsdóttir, liðsfélagi minn hjá Val, sé efnilegasti leikmaður deildarinnar í dag.

**Áttu þér einhverja uppáhaldsleikmenn?**
Ég á einn uppáhaldsleikmann erlendis en það er systir mín, Helena Sverrisdóttir, sem spilar með Cegled í ungversku deildinni.

**Hvernig kemur þú þér í gírinn fyrir leik?**
Með því að hlusta á góða tónlist. Smekkurinn er mismunandi eftir leikdögum en oftast er það Muse eða Kanye West sem koma mér af stað.

**Hvaða hæfileika hefur þú sem fæstir vita um?**
Ég veit ekki hvort það telst hæfileiki en ég er klaufi af Guðs náð.



# Geðhjálp

ÞRIÐJUDAGUR 9. OKTÓBER 2018

Rit landssamtakanna Geðhjálpar






## Bera erfiða líðan og tilfinningar með stolti

Viktor Weisshappel hannaði peysur og bætur fyrir Útmeð'a. Á hverri bót er að finna orð yfir ástand eða tilfinningu sem fólk á til að fela. →3
















# Fyrsta skrefið dýrmætast

Ríkur þáttur í því að lifa góðu lífi er að búa við góða andlega og líkamlega heilsu. Góð geðheilsa felur ekki endilega í sér að vera hoppandi glaður alla daga eins og einhverjir kynnu að halda. Þvert á móti felur heilbrigð geðheilsa í sér sveiflur frá degi til dags. Við upplifum öll góða og slæma daga án þess að á því finnist endilega haldbær skýring. Glíman við þessar sveiflur er einfaldlega hluti af þeirri lífsáskorun að vera manneskja og leita leiða til að lifa í jafnvægi og sátt við sjálfan sig og aðra.



Geðheilsa er ekki lengur góð þegar hún skerðir lífsgæði og getu fólks til að taka þátt í samfélaginu. Þegar svo er komið er rétt að stíga fyrsta skrefið til að leita sér hjálpar með því að segja einhverjum frá líðan sinni eins og ungt fólk og raunar fólk á öllum aldri er hvatt til að gera í forvarnarátaki Geðhjálpar og Hjálparsíma Rauða krossins undir merkjum Útmeð'a. Fulltrúar átaksins ganga reyndar enn lengra með því að bera tilfinningar sínar með stolti á nýju Útmeð'a peysunum eftir Viktor Weisshappel. Þar fara sannarlega verðugir fulltrúar ungs fólks.

Geðheilsa ungs fólks á umbrotatímum er einmitt yfirskrift Alþjóða geðheilbrigðisdagsins á morgun, þann 10. október. Geðhjálp og Geðverndarfélag Íslands taka höndum saman um málþing um áhrif áfalla og erfiðra uppvaxtarskilyrða á heilsu fólks á fullorðinsárum í húsakynnum Íslenskrar erfðagreiningar annað kvöld kl. 19.30. Aftar í Geðhjálparblaðinu fjallar Mark Bellis, aðalfyrirlesari á málþinginu, um niðurstöður rannsókna fræðimanna á afleiðingum erfiðrar æsku á heilsu og velsæld fullorðinna og hvernig samfélagið getur lagst á eitt við að draga úr afleiðingum erfiðrar reynslu í æsku á heilsu og lífsskilyrði á fullorðinsárum. Óhætt er að mæla með fyrirlestri Bellis og annarra fyrirlesara á málþinginu.

Alþjóða heilbrigðisstofnunin hefur gefið út að 22-25% af íbúum í hinum vestræna heimi glími á einum eða öðrum tíma í lífi sínu við geðrænan vanda. Hvert og eitt okkar verður að finna sína eigin leið til að takast á við sinn vanda. Edda Karólína Ævarsdóttir mætti hamlandi streitu af hugrekki með því að kryfja vandann í útskriftarverkefni sínu við LHÍ. Rétt eins og Edda gekk Alda Karen Hjaltalín skrefi lengra en að hjálpa sjálfri sér að mæta geðrænum áskorunum með opnun hugræktarstöðvar í Bandaríkjunum í vor. Hver veit nema hugræktarstöð af sama tagi verði komin upp á Íslandi innan skamms. Spennandi verður að fylgjast með þessum ungu konum í framtíðinni.

Ein leið til að takast á við geðrænan vanda er að leita stuðnings og ráða jafningja, þ.e. annarrar manneskju í sömu sporum. Nokkrir sjálfshjálparhópar fólks með geðrænar áskoranir hafa starfað undir þaki Geðhjálpar undanfarin ár. Dýrmæt viðbót við þessa flóru fólst í stofnun sjálfshjálparhóps fyrstu kynslóðar Pólverja með þunglyndi og kvíða í upphafi ársins. Með styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála réð Geðhjálp pólska sálfræðinginn Katarzynu Kudrzycka til að styðja hópinn fyrstu skrefin. Katarzyna heldur ekki aðeins utan um fundi hópsins tvisvar sinnum í mánuði heldur býður upp á ráðgjöf á pólsku eins og kemur fram í viðtali við hana í Geðhjálparblaðinu. Geðhjálp gleðst yfir því tækifæri að fá að styðja þennan fjölmennasta hóp innflytjenda á Íslandi og vonast til að geta komið til móts við fleiri hópa innflytjenda í framtíðinni. Ljóst er að þörfin er brýn og færri leiðir í boði fyrir fólk með önnur tungumál en íslensku til að vinna úr geðrænum vanda sínum.

Því miður fjölgar hratt í hópi öryrkja með geðgreiningar á Íslandi. Nú eru öryrkjar með geðgreiningu að aðalgreiningu 38% allra öryrkja og hátt í 57% öryrkja eða um 11.000 manns ef taldir eru allir öryrkjar með geðgreiningu. Í ítarlegu viðtali við Hrannar Jónsson, formann Geðhjálpar, á þessari síðu kemur fram að samtökin leggi áherslu á að Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur í þeim tilgangi að tryggja réttaráhrif hans við endurskoðun gildandi lögræðislaga. Með slíkri endurskoðun yrði stigið stórt framfaraskref í mannréttindabaráttu þessa fjölmenna hóps.

Í viðtalinu lítur Hrannar til baka til helstu verkefna samtakanna á fimm ára formannstímabili sínu. Þar nefnir hann meðal annars stofnun Bataskóla Íslands. Skólinn er einstæður að því leyti að hann byggir á jafnri þátttöku hefðbundinna sérfræðinga og notenda geðheilbrigðisþjónustunnar við mótun námsefnis og kennslu. Starfsemi skólans hefur farið langt fram úr væntingum og skiptir þar mestu ómetanlegt framlag þeirra Þorsteins Guðmundssonar og Estherar Ágústsdóttur. verkefnastjóra skólans. Þetta öfluga tvíeyki segir einmitt frá uppbyggingu skólans og stofnun Ungmennabekkjar í viðtali í blaðinu.

Mikið vatn er runnið til sjávar frá því Geðhjálp var stofnuð fyrir réttum 39 árum. Breytingin er jafnvel áþreifanleg á síðustu 5 árum eins og kemur fram í viðtali við formann samtakanna. Félögum hefur fjölgað um ríflega 2.500, starfsemin aukist og sýnileikinn margfaldast á þessu stutta tímabili. Óhætt er að segja að framtíð félagsins sé björt og jarðvegurinn fyrir markmið félagsins um bætta þjónustu og betri réttindi er sannarlega góður meðal almennings, ekki hvað síst ungs fólks.

**Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar.**

# Besta hjálpin er oftast skilningur

## Hrannar Jónsson, formaður stjórnar Geðhjálpar, lætur af störfum næsta vor eftir fimm ára starf. Hann segir margt hafa áunnist á þessum tíma en mörg verkefni séu óleyst.

Margt hefur áunnist í starfsemi Geðhjálpar þau tæplega fimm ár sem Hrannar Jónsson hefur starfað sem formaður stjórnar félagsins. Félagsmönnum hefur fjölgað úr tæplega 500 í 3.000, félagið flutti í nýtt húsnæði og allar skuldir hafa verið greiddar og því býr Geðhjálp við góðan fjárhag að sögn Hrannars. „Við höfum skýrt hlutverk sem félag mannréttinda- og hagsmunabaráttu, fræðslu og ráðgjafar. Við settum upp nýjar vefsíður, hjá félaginu sjálfu, Útmeð'a og mannréttindagáttinni auk þess sem við erum með sterka viðveru á samfélagsmiðlum."

### Mörg baráttumál

Baráttumál Geðhjálpar eru mörg hverju sinni en ef nefna ætti eitt sérstakt mál segir Hrannar það vera lögfestingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fatlanir. „Það felur í sér svo margt sem við brennum fyrir eins og afnám þvingaðrar meðferðar og endurskoðun lögræðislaga. Fólk sem er að fást við geðrænar áskoranir er eini hópurinn sem þarf að búa við þvingaða meðferð."

Annað sem Hrannar nefnir er mikilvægi þess að fá fólk, sem býr yfir eigin reynslu af geðrænum erfiðleikum, til að eiga alltaf sæti við borðið. „Það á bæði við þegar kemur að ákvörðunartöku og í störfum í geðheilbrigðiskerfinu. Við erum svolítið á eftir Norðurlöndunum með þetta."

### Skilningur mikilvægur

Sérstakur skýrslugjafi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í geðheilbrigðismálum kom í heimsókn á vegum Geðhjálpar í febrúar á þessu ári. Hann orðaði það svo að vandinn væri ekki efnaójafnvægi í höfðinu á fólki heldur valdaójafnvægi í kerfinu og segir Hrannar það vera býsna nærri sanni. „Þingmaður spurði mig um daginn, hvernig getum við hjálpað? Er það með peningum eða lagasetningu? Mér fannst þetta góð spurning og eiginlega allt of góð til að geta svarað henni á staðnum. En eftir að hafa velt þessu fyrir mér í einhverjar vikur held ég að besta hjálpin sé að stjórnmálamenn hafi skilning á málaflokknum. Geðheilbrigðismál eru pólitík en ekki eitthvað sem hægt er að útvista til sérfræðinga. Við ættum að hætta að leita að einni pakkalausn sem virkar fyrir alla. Við þurfum alls konar hluti. Geðheilsa er líka eitthvað sem er svo tengt menningu og samfélagi."



„Geðheilbrigðismál eru pólitík en ekki eitthvað sem hægt er að útvista til sérfræðinga," segir Hrannar Jónsson, formaður stjórnar Geðhjálpar. MYND/ANTON BRINK

> **Þingmaður spurði mig um daginn, hvernig getum við hjálpað? Er það með peningum eða lagasetningu? Mér fannst þetta góð spurning og eiginlega allt of góð til að geta svarað henni á staðnum.**

### Baráttan skarast

Hrannar lætur af störfum næsta vor en segir gott og reynslumikið fólk sitja áfram í stjórn. „Það er auðvitað þess og nýs formanns að marka framtíðina. Það eru miklir vindar að blása. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fatlanir er að hreyfa mikið við hugmyndum okkar um fatlanir, fólk og samfélög. Ég vona að fólk og félög sem hafa verið að hreyfa sig hvert í sínum kassa fari að sjá skýrar hvernig barátta þeirra skarast mikið og styðji baráttu hvert annars. Það á t.d. við félög innan Öryrkjabandalagsins, verkalýðshreyfinguna, samtök samkynhneigðra, femínista og þeirra sem láta sig fíkn varða."

### Mikilvæg ráðstefna

Þegar hann lítur til baka stendur ýmislegt upp úr en hann segir að sér þyki þó vænst um ráðstefnu félagsins á þessu ári um vatnaskil í geðheilbrigðismálum. „Við þýddum skýrslu sérstaks skýrslugjafa mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um ástand geðheilbrigðismála. Ég held að það plagg eigi eftir að verða leiðarljós næstu árin. Við settum á fót Bataskóla Íslands með hjálp Reykjavíkurborgar og fleiri aðila. En svo verð ég líka að nefna öll viðkynnin við þann fjölbreytilega hóp sem hefur glímt við geðræna erfiðleika. Batakvöldin okkar, þar sem fólk hefur sagt sögu sína, eru einnig eftirminnileg."

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Geðhjálp | Veffang: frettabladid.is

# Hættum að fela tilfinningar og líðan

**Útmeð´a og Viktor Weisshappel hafa hannað peysur og bætur þar sem hver og einn getur útbúið sína einstöku peysu með því að taka orð yfir ástand eða tilfinningar, setja þau á peysu og bera með stolti.**

Hönnuðurinn bak við peysurnar, Viktor Weisshappel, útskrifaðist úr Listaháskólanum árið 2015 en lokaverkefnið hans snerist um þunglyndi og geðklofa. „Mér þykir þetta málefni mjög áhugavert og þess vegna valdi ég mér þessi efnistök í lokaverkefnið. Ég tók viðtal við mann sem heitir Alfreð Gígja og er með geðklofa og þunglyndisgreiningu og gerði bókverk með myndrænni framsetningu á tólf frásögnum úr lífi hans. Það var sérstaklega fróðlegt að skyggnast inn í hans hugarheim.“

Viktor segir hugmyndina að baki peysunum vera að myndgera orð yfir erfiðar tilfinningar og ástand. „Orð sem fólk á til með að fela, eins og til dæmis orðin „kvíði“ og „þunglyndi“, segir hann. „Það er mikilvægt að opna umræðuna og tala um tilfinningar sínar.

Með því að bera orðin yfir tilfinningarnar utan á þér ertu að breyta merkingunni, þú ert að bera þína „kvilla“ með stolti.“ Tilgangur Útmeð'a verkefnisins er að hvetja ungt fólk , sem og alla aðra, til að ræða um og viðra vandamál sín og leita sér faglegrar aðstoðar ef á þarf að halda..

Viktor segir viðbrögðin við peysunum hafa verið framar vonum. „Viðbrögðin hafa verið þvílíkt góð og eru margir búnir að koma til mín og segja mér frá sinni reynslu.



Viktor Weisshappel, hönnuður bótanna, segir viðbrögðin hafa verið framar vonum. MYND/ANNA MAGGÝ

Þetta virðist hitta á taug í samfélaginu, allir eru að díla við eitthvað og margir reiðubúnir að tala um það. Þetta gerir samtalið auðvitað auðveldara.“

Hægt er að velja um þrettán tegundir af bótum. „Við byrjuðum á að gera 11 bætur með orðunum kvíði, þunglyndi, stress, reiði, ranghugmyndir, meðvirkni, seigla, einmanaleiki, sorg, feimni og vonleysi og nú eru þær bara að klárast þannig að við pöntuðum aðra sendingu og bættum tveimur við, félagsfælni og ADHD.“

Sjálfur valdi Viktor sér bætur með orðunum kvíði og stress. „Eins og flestir tengi ég við margar af bótunum en þessar höfðuðu einna helst til mín.“

Hægt er að kaupa eins margar bætur og hver vill og raða þeim á að vild. Þær er hægt að strauja á flestallar flíkur. Bæturnar má nálgast í Húrra Reykjavík á Hverfisgötu, sumar eru reyndar uppseldar en von er á nýrri sendingu um mánaðamótin.

Útmeð'a er vitundarvakning Geðhjálpar og Hjálparsíma Rauða krossins um geðheilbrigði ungs fólks sem gengur út á að hvetja ungt fólk og reyndar fólk á öllum aldri til að segja frá erfiðri andlegri líðan í því skyni að taka fyrsta skrefið til að leita sér hjálpar. Heimasíða vitundarvakningarinnar er www.utmeda.is.

> **Með því að bera orðin yfir tilfinningarnar utan á þér ertu að breyta merkingunni.**
>
> Viktor Weisshappel




Bæturnar eru til í þrettán mismunandi útgáfum sem hver um sig ber eitt orð yfir tilfinningar eða geðrænt ástand.



**Elín Metta Jensen knattspyrnukona**

## Tilfinningar eru mannlegar

*Hvaða bætur valdir þú á þína peysu?*

Sorg – meðvirkni – reiði – stress – feimni – seigla

*Hvers vegna?*

Ég hef fundið fyrir öllum þessum tilfinningum á einhverjum tímapunkti í mínu lífi, stundum sinni í hverju lagi en stundum mörgum þeirra í senn. Síðan skipti mig miklu máli að hafa seiglu á bakinu því reynslan hefur sýnt mér að það er betra að hafa hana með í för.

*Hversu miklu máli skiptir að fyrirmyndir eins og þú og raunar allir komi út með reynslu sína af geðrænum vanda?*

Ég held að umræðan um geðrænan vanda skipti gríðarlega miklu máli, ekki síst í dag þegar samfélagsmiðlar draga oft upp glansmynd af raunveruleikanum. Þess vegna er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að það sé mannlegt að finna fyrir rófi tilfinninganna og það á ekki að vera feimnismál. Við eigum að geta talað um tilfinningar og leitað okkur hjálpar án þess að skammast okkar fyrir nokkurn hlut.

> **Við eigum að geta talað um tilfinningar og leitað okkur hjálpar án þess að skammast okkar.**
>
> Elin Metta Jensen

> **Það versta sem hægt er að gera við sjúkdómum sem þessum er að þegja um þá.**
>
> Jóhann Kristófer Stefánsson



**Young Karin tónlistarkona**

## Það hjálpar að opna sig

*Hvaða bætur valdir þú á þína peysu?*

Ég valdi kvíða, vonleysi, þunglyndi, stress og ranghugmyndir. Mér finnst ég tengja mest við þessar bætur þar sem ég hef verið að kljást við þunglyndi, kvíða og áráttu/þráhyggjuröskun í þó nokkurn tíma.

*Hversu miklu máli skiptir að fyrirmyndir eins og þú og raunar allir komi út með reynslu sína af geðrænum vanda?*

Það skiptir mjög miklu máli og vonandi hvetur það aðra til þess að tala opinskátt um sína andlegu líðan. Það hjálpar að opna sig og tala við einhvern. Það hjálpaði mér svo mikið, ég væri ekki á þeim góða stað sem ég er á í dag hefði ég ekki leitað mér hjálpar. Komum útmeð'a.



**Jóhann Kristófer Stefánsson tónlistarmaður**

## Fólk er tilbúið að hlusta

*Hvaða bætur valdir þú á þína peysu?*

Bæturnar sem ég valdi voru reiði, einmanaleiki, þunglyndi, sorg og kvíði.

*Af hverju?*

Ég valdi þessar bætur því allar þessar tilfinningar kannast ég við, bæði hjá sjálfum mér og fólki sem stendur mér nærri.

*Hversu miklu máli skiptir að fyrirmyndir eins og þú og raunar allir komi út með reynslu sína af geðrænum vanda?*

Það er mikilvægt að fyrirmyndir og opinberar persónur ræði opinskátt um sína reynslu af geðrænum vanda til þess að setja fordæmi. Það versta sem hægt er að gera við sjúkdómum sem þessum er að þegja um þá og því er mikilvægt að opna umræðuna upp á gátt svo að sem flest sjái að þau standi ekki ein, heldur séu úrlausnir í boði og að fólk sé tilbúið að hlusta.

# Erfið reynsla veldur verri heilsu

Mark Bellis, prófessor og ráðgjafi hjá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni WHO og fleiri alþjóðlegum stofnunum, fjallar um afleiðingar áfalla og erfiðra uppvaxtarskilyrða á heilsu og velsæld fullorðinna á opnu málþingi Geðhjálpar og Geðverndarfélags Íslands á Alþjóðlega geðheilbrigðisdaginn.

Bellis hefur lagt áherslu á rannsóknir í framhaldi af svokallaðri Adverse Childhood Experiences (ACE) rannsókn um áhrif erfiðra upplifana í æsku á heilsu á fullorðinsárum. ACE rannsóknarteymið skilgreindi 10 algengustu áföll og erfiða reynslu í uppvexti 17.000 þátttakenda í rannsókninni fram að 18 ára aldri og sýndi fram á sterk tengsl milli fjölda þessara áfalla eða ACE-stiga við andlegan, líkamlegan og félagslegan vanda á fullorðinsárum. Með öðrum orðum þá sýndu rannsakendurnir fram á að fjöldi stiga/áfalla gæfi til kynna vaxandi hættu á heilsufars- og félagsvanda síðar á ævinni.



Próf. Mark Bellis, rannsóknastjórnandi við Lýðheilsustofnanir Wales og Stóra-Bretlands og stjórnarformaður miðstöðvar forvarna gegn ofbeldi hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni WHO.

## Um hvað fjallar fyrirlestur þinn á Íslandi?

Ég mun ræða um hvernig ofbeldi, vanræksla og upplifun af heimilisofbeldi og önnur erfið uppvaxtarskilyrði geta breytt því hvernig við þróumst, ekki aðeins andlega heldur einnig líkamlega. Þegar börn upplifa erfið áföll í æsku hættir þeim fremur en öðrum börnum til að tileinka sér óheilsusamlega lífshætti eins og að reykja, misnota vímuefni og sýna ofbeldisfulla hegðun og þróa því frekar með sér langvarandi heilsubrest eins og sykursýki og hjartasjúkdóma seinna á ævinni. Ég mun einnig segja frá því hvernig sumum börnum með erfiða upplifun að baki tekst með því að þróa með sér seiglu að komast hjá þessum vandamálum. Ég mun velta því upp hvernig við getum unnið gegn erfiðri upplifun barna, byggt upp seiglu og þróað þjónustu sem styður betur við fólk, bæði börn og fullorðna, sem hefur orðið fyrir slæmri reynslu á uppvaxtarárunum.

## Hvað geta yfirvöld gert til að draga úr afleiðingum erfiðra uppvaxtarskilyrða á samfélagið?

Við þurfum að byggja upp seiglu í börnunum okkar og samfélögum. Seiglu er hægt að þróa á margan hátt, til dæmis með því að tryggja að börn hafi alltaf aðgang að fullorðnum einstaklingi sem þau geta treyst og talað við. Hægt er að þróa seiglu með því að gefa börnum tækifæri til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu, veita þeim tilfinningu fyrir því að þau geti náð árangri, veita þeim sterkar fyrirmyndir til að horfa upp til og með ýmsum öðrum hætti. Við getum byggt upp betri áfallastuðning í félagslega, heilbrigðis-, mennta- og réttarkerfinu. Þjálfa þarf starfsfólkið upp í að skilja áhrif áfalla í barnæsku á hegðun og heilsu á fullorðinsaldri. Með því móti er því betur gert kleift að hjálpa börnum í þörf fyrir slíkan stuðning.

## Hvað geta þeir sem hafa átt erfiða æsku gert til að draga úr afleiðingum þess?

Þættir eins og að tengjast öðru fólki, iðka íþróttir og taka þátt í vinnumarkaðnum ef viðkomandi er fær um slíkt, eru hjálplegir til að vinna gegn hugsanlegum áhrifum erfiðra áfalla í æsku. Stundum getur hjálpað að tala við heilbrigðisstarfsfólk. Í rannsóknum okkar kemur fram að fæstir höfðu rætt við sérfræðinga um erfið uppvaxtarár sín. Núna erum við að skoða hversu gagnlegt getur verið fyrir fólk að deila reynslu sinni með heilbrigðisstarfsfólki jafnvel löngu eftir erfiðar upplifanir.

Ef takast á að ná árangri verða allar viðeigandi stofnanir að tileinka sér skilning og leggjast á eitt til að ná árangri í verkefninu. Við höfum stofnað ACE-miðstöð með fjármögnun frá nokkrum opinberum stofnunum til að auka skilning innan þjónustustofnana á því hvernig hægt sé að varna og bregðast við afleiðingum áfalla og erfiðra uppeldisskilyrða. Við höfum komist að því að rót margra erinda fólks til heilsugæslunnar, lögreglunnar, félagsþjónustunnar eða menntastofnana er hægt að rekja til erfiðra upplifana í æsku. Með því að auka skilning starfsmanna viðkomandi stofnana á þessari staðreynd stuðlum við að því að þær vinni betur saman og bjóði fólki viðeigandi stuðning. Fólk þarf ekki aðeins að upplifa þennan stuðning frá sérfræðingum heldur einnig framlínustarfsfólki því að sérfræðingarnar hitta fólk oft ekki fyrr en vandamálin eru orðin alvarleg og erfiðara er að takast á við þau.

> Við þurfum að byggja upp seiglu í börnunum okkar og samfélögum.




# Stress er ekki eðlilegt ástand

Stress og kvíði voru viðfangsefni Eddu Karólínu Ævarsdóttur í útskriftarverkefni hennar frá Listaháskóla Íslands í vor. Hún segist betur í stakk búin að takast á við kvíða eftir vinnslu verkefnisins.

Ég hef sjálf verið að kljást við kvíða frá því ég var táningur. Hef verið með mikinn félagskvíða, verið feimin og hrædd við álit annarra, sem er stórkostlegt að díla við upprennandi listakona. Það var mjög stressandi tilhugsun að útskrifast úr Listaháskólanum þar sem útskriftarsýningin er frekar stór og eins og fyrsta skrefið inn í atvinnulífið. Ég var því mjög fljótlega farin að kvíða fyrir kvíðanum sem myndi óumflýjanlega fylgja þessu opinberasta verkefni lífs míns þangað til,“ segir Edda Karólína sem útskrifaðist úr grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands í vor en sýndi verkefni sitt aftur í Peysupartýi Útmeð'a í Listasafni Reykjavíkur í september.

Hún hugsaði með sér að besta leiðin til að koma í veg fyrir kvíðann væri að fjalla um hann í útskriftarverkefninu. Hún talaði við sálfræðinga og fleiri sem fást við kvíða en vendipunkturinn varð þegar hún kíkti í kaffi til ömmu sinnar og afa. „Amma var langt gengin með Alzheimer og afi hafði kynnt sér rannsóknir á sjúkdómnum frá því hún greindist. Þegar ég var að segja þeim frá verkefninu mínu fór afi að tala um að nýjustu rannsóknir bendi til að stress og kvíði séu miklir áhrifavaldar í þróun Alzheimersjúkdómsins. Ég hafði fram að þessu bara pælt í sálfræðilegri hlið kvíða en fór þarna að velta fyrir mér líkamlegum viðbrögðum sem opnaði nýja vídd.“

Verk Eddu Karólínu heitir STRESS og skiptist í þrjá kafla. „Í fyrsta kaflanum lýsi ég upplifun fólks af stressi og kvíða og útskýri hvað er að gerast í líkamanum sem veldur þessari upplifun. Annar kaflinn útskýrir langtímaáhrif stress. Þar er sýnt hvernig það getur leitt til alvarlegra kvilla eins og insúlínviðnáms í frumum sem leiðir til sykursýki og hvernig ofgnótt af stresshormóninu kortisól getur haft áhrif á heilafrumur og nýmyndun þeirra, minnkað heilann og hægt á allri starfsemi hans sem getur leitt til þunglyndis og Alzheimer. Í þriðja kaflanum er bent á einfaldar líkamlegar leiðir til að vinna gegn stressi og snúa við áhrifum þess á líkamann. Til dæmis með því að skokka, finna angan af lavender og vanillu, eiga samskipti við vini og fjölskyldu og stunda djúpöndun eða jóga. Myndirnar eru merktar númerum og með verkinu kemur myndlykill þar sem nákvæmar útskýringar fylgja sömu númerum og á myndunum. “


Edda Karólína við verk sitt STRESS sem hún sýndi aftur í Peysupartýi Útmeð'a í Listasafni Reykjavíkur í september.

> Ég var því mjög fljótlega farin að kvíða fyrir kvíðanum sem myndi óumflýjanlega fylgja þessu opinberasta verkefni lífs míns.

Viðtökurnar hafa verið góðar að sögn Eddu Karólínu. „Margir tengja við verkið og segjast hafa lært ýmislegt af því og ég hef selt mikið af plakötum. Mest um vert finnst mér að geta minnt fólk á að stress er ekki eðlilegt ástand heldur álag á líkama og sál sem getur haft alvarlegar afleiðingar ef ekkert er að gert. Álagið kemur úr öllum áttum og það er orðið eðlilegt að vera sífellt stressaður og mér finnst oft eins og stress sé ranglega talið metnaður.“

En hjálpaði verkefnið henni sjálfri? „Já, eftir á. En ég var mjög stressuð í öllu þessu ferli. Ég hélt að þetta myndi hjálpa mér en kannski hafði það bara öfug áhrif. En núna er ég mun betur í stakk búin að kljást við streitu en áður.“

Nánari upplýsingar um verk Eddu Karólínu má finna á vefsíðunni eddakarolina.com.


Þorsteinn Guðmundsson og Esther Ágústsdóttir eru verkefnastjórar Bataskólans. MYND/EYÞÓR

# Flýtir bata eftir geðrænar áskoranir

Bataskóli Íslands hjálpar fólki að læra um geðrænar áskoranir og lifa með einkennum þeirra. Skólinn hefur nýlega stofnað sérstakan ungmennabekk til að bæta þjónustu við ungt fólk.

> Nemendur í Ungmennabekknum glíma við önnur viðfangsefni en í þeim hefðbundna, viðfangsefni sem hvíla á ungu fólki.
>
> Þorsteinn Guðmundsson

Bataskóli Íslands er tilraunaverkefni Geðhjálpar og Reykjavíkurborgar til þriggja ára sem er nú á öðru ári. Skólinn er fyrir fólk frá 18 ára aldri sem hefur glímt við geðrænar áskoranir, aðstandendur þess og starfsfólk á velferðar- og heilbrigðissviði, en hlutverk hans er að hjálpa fólki að flýta bata eftir geðrænar áskoranir, auka bæði lífsgæði og sjálfsskilning ásamt því að fræða og draga úr fordómum milli einstakra hópa.

Þorsteinn Guðmundsson og Esther Ágústsdóttir, verkefnastjórar skólans, segja að nýlega hafi verið ákveðið að stofna sérstakan ungmennabekk til að bæta þjónustu við yngra fólk og hann hafi verið fljótur að fyllast.

„Starfsemi Bataskólans er ólík öðrum skólum, sérstaklega af því að við erum með tvo umsjónarmenn í hverju námskeiði,“ segir Esther. „Það er alltaf sérfræðingur vegna sérþekkingar, eins og sálfræðingur, íþróttafræðingur, iðjuþjálfi eða eitthvað slíkt og svo er líka sérfræðingur vegna reynslu, aðili sem hefur sjálfur reynslu af geðrænum áskorunum. Þetta er gert til að raddir allra sem að málinu koma heyrist, en við vinnum eftir batamiðaðri hugmyndafræði að fyrirmynd Nottingham Recovery College.“

„Ástæðan fyrir því að við stofnuðum sérstakan ungmennabekk var fyrst og fremst þörf á að ná til unga fólksins og þeirra sem hafa gengið í gegnum geðræn veikindi nýlega. Rannsóknir sýna að því fyrr sem fólk kemst á bataveg, því betra,“ segir Þorsteinn. „Þetta var líka tilraun hjá okkur. Við vildum sjá hvort það væri áhugi hjá ungu fólki á að vera saman í bekk, því ungt fólk hefur annan reynsluheim en eldra fólk og því gæti skapast öðruvísi umræða. Þetta hefur reynst vel og við höfum fundið fyrir miklum áhuga, enda vorum við fljót að fylla bekkinn.“

„Nemendur í Ungmennabekknum glíma við önnur viðfangsefni en í þeim hefðbundna, viðfangsefni sem hvíla á ungu fólki og endurspegla reynsluheim þess,“ segir Esther. „Við vonumst líka til að þessi bekkur geti orðið stökkpallur fyrir þau yfir í aðra hluti, s.s. nám, starf eða sjálfboðaliðastarf. Þetta er líka stökkpallur í meiri virkni og aukin lífsgæði almennt.“

> Þetta virðist gefa bæði von, stjórn og tækifæri, sem eru einmitt einkunnarorð skólans.
>
> Esther Ágústsdóttir

Margir sem hafa komið í Bataskólann tala um að námið hafi rofið félagslega einangrun. „Fólk talar um að það komist í aukna virkni og þetta virðist gefa bæði von, stjórn og tækifæri, sem eru einmitt einkunnarorð skólans,“ segir Esther. „Fólk talar líka um að það læri um ýmislegt tengt geðheilsunni mjög hratt og það flýtir auðvitað fyrir bata.“

„Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval námskeiða og skorum á alla sem eru í bataferli eftir geðrænar áskoranir að skoða það sem er í boði á heimasíðunni okkar,“ segir Þorsteinn.

Þorsteinn og Esther sjá fram á bjarta framtíð. „Við höfum fengið rosalega góð viðbrögð, bæði frá nemendum, samstarfsfólki og fólki í kerfinu sem hefur fylgst með þessu verkefni,“ segir Þorsteinn. „Það hefur verið mjög hvetjandi fyrir okkur.

Við klárum tilraunaverkefnið á næsta ári, en við bindum miklar vonir við að bæði halda áfram og efla og stækka skólann, því við þurfum að anna eftirspurn,“ segir Þorsteinn. „Við höldum að sjálfsögðu ótrauð áfram.“

Frekari upplýsingar má finna á www.bataskoli.is og Facebook-síðunni Bataskóli Íslands.



Alda Karen er einkar vinsæll fyrirlesari og troðfyllti Eldborg með LIFE Masterclass-fyrirlestri sínum fyrr á þessu ári. Hún stefnir að opnun hugræktarstöðvar á Íslandi. MYNDIR/ANTONÍA LÁRUSDÓTTIR

# Ég er nóg eins og ég er

## Alda Karen Hjaltalín starfar við hugræktunarstöðvar í New York. Þar takast einstaklingar á við huga sinn og framandi aðstæður í sýndarveruleika. Hún segir borgina góða og slæma fyrir geðheilsuna.

Mig langaði alltaf að búa í New York, alveg síðan ég fór þangað með ömmu Rósu í stelpuferð yfir helgi þegar ég var sautján ára,“ segir Alda Karen sem eftir helgarferðina með ömmu sinni hengdi upp mynd af Empire State-byggingunni á vegg í herberginu sínu.

„Sem er skondið í ljósi þess að nú labba ég fram hjá Empire State á hverjum einasta morgni á leið í vinnuna,“ segir Alda Karen sem hafði löngum verið með hugann við það að flytja vestur um haf og stökk til í fyrra þegar hún sá tækifæri til þess.

„Áður en ég vissi af hafði ég búið hér í heilt ár. Ég elska alheimssuðupottinn New York; hér er allt af öllu, og nóg af því. Í borginni býr fólk frá öllum heimshornum og margir að gera svo skemmtilega hluti. Drifkraftur New York-búa er líka svakalegur og ég er í því að reyna að halda í við þá. Undiraldan á þessum stað er engri lík, hér eru allir á hundrað, öllum stundum og alltaf.“

### Besta en eitraðasta borgin

Í erli stórborgaryssins segist Alda Karen þurfa að minna sig á að vera sinn allra besti vinur.

„Svo margir hér eru mjög önnum kafnir og að vinna í öllu og fólk á það aðeins til að gleyma því að við erum öll mannleg. Maður þarf því að vera þess minnugur að skamma sig sjálfan ekki um of fyrir að vera ekki alltaf á fullri fart og minna vini sína á að það er nóg pláss fyrir alla.“

Þegar kemur að geðheilsu telur Alda Karen New York fara ýmist mjög vel með hana eða mjög illa.

„New York er að mínu mati besta borg í heimi en hún er líka ein sú eitraðasta. Á einum stað getur maður fengið subbulegasta hamborgara í veröldinni og hinum megin við götuna 100 prósent lífrænan spínat-smoothie með háklassa engiferskoti. Þetta er bara spurning um að finna sitt jafnvægi í borginni og búa til sitt eigið samfélag innan hennar.“



Öldu Karen líkar vel í New York.

### Komast í topphugarástand

Í New York starfar Alda Karen sem ráðgjafi og fyrirlesari.

„Ég tek einstaklinga í persónulega ráðgjöf og/eða lífseflingu, ásamt því að þjónusta fyrirtæki við markaðssetningu,“ upplýsir Alda Karen sem einnig heimsækir unglinga og ungmenni í samstarfi við Kevin Williams sem setur upp vinnusmiðjur sem taka á andlegri heilsu krakka á aldrinum þrettán til átján ára.

„Um þessar mundir er ég líka að komast á fullan skrið með hugræktunarstöðvar í New York. Ég er afar spennt fyrir þeim og hef unnið í hugræktunarstöðvum síðan við settum þá fyrstu upp í apríl í Teachable-skrifstofunum á Manhattan,“ segir Alda Karen.

Hugræktunarstöð er andleg heilsurækt, sérstaklega hönnuð fyrir hugann.

„Í stað þess að vera með einkaþjálfara erum við með sálfræðinga og svokallaða „peppara“ (e. performance enhancement coaches). Tími hjá þeim er minna eins og sálfræðitími en meira eins og pepptími til að komast í topphugarástand fyrir daginn,“ útskýrir Alda Karen.

### Talar við heilann

Æfingaaðstaða hugræktunarstöðva samanstendur ekki af lóðum heldur sýndarveruleikagleraugum og heyrnartólum.

„Með þeim tækjum setjum við einstaklinga inn í ákveðnar aðstæður. Ef manneskja hræðist til dæmis að tala frammi fyrir fólki látum við hana spreyta sig á að tala frammi fyrir tíu þúsund áheyrendum, svo fimm þúsund og að lokum tuttugu manns. Á meðan fær maður að upplifa bestu mögulegu viðbrögðin en líka þau verstu og svo í meðallagi. Með því gerum við það óþekkta þekkt fyrir heilann,“ útskýrir Alda Karen sem trúir því að manneskjan sé sjálf sín stærsta hindrun.

„Þar spilar heilinn stórt hlutverk en með því að láta hann venjast aðstæðum getum við hjálpað honum að vinna með einstaklingnum í stað þess að vinna gegn honum. Við notum einnig spjaldtölvur með alls kyns leikjum fyrir minnið og gerum fleiri æfingar fyrir heilann,“ segir Alda Karen sem er líka með hóptíma og vinnusmiðjur.

> Ég tala reglulega við heilann eins og minn besta vin.
>
> Alda Karen Hjaltalín

„Þar tala ég við heilann og um hvað hægt er að gera dagsdaglega til að bæta hug okkar og sjá lífið út frá nýju sjónarhorni.“

Hugarræktunarstöðvar eru hugsaðar fyrir alla þá sem vilja þjálfa hugann.

„Stærsti hópurinn sem sækir til okkar eru frumkvöðlar sem ætla sér að ná langt í lífinu, sem og ungt fólk sem gegnir háttsettum störfum,“ upplýsir Alda Karen sem hefur í hyggju að stofna hugræktunarstöð á Íslandi.

„Ég er alltaf með fallega Ísland á bak við eyrað og með augun opin fyrir tækifærum til að opna slíka stöð heima. Í dag er þó hægt að fá þjónustu okkar inn til fyrirtækja þar sem við tökum kaffistofuna yfir í nokkra tíma og breytum henni í pop-up hugræktunarstöð.“

### Tökum okkur of alvarlega

Geðræktarmál hafa lengi verið Öldu Karen hugleikin.

„Þegar ég var sölu- og markaðsstjóri hjá Saga Film var ég iðulega með ráðgjöf og fyrirlestra um sölu- og markaðsmál. Þar áttaði ég mig fljótt á að ég var í raun að spjalla um líf og hugarfar fólks og áður en ég vissi af voru geðræktarmál það eina sem ég talaði um í fyrirlestrum mínum,“ útskýrir Alda Karen sem gætir þess að hlúa vel að eigin geðheilsu í annasömu lífi sínu í New York.

„Eins og New York gefur mér brjálæðislega orku er ekkert sem jafnast á við fagra Ísland. Ég er svo heppin að vera með viðskiptavini á Íslandi og fæ því að koma í heimsókn á tveggja mánaða fresti í nokkra daga í senn. Þá drekk ég í mig náttúruna áður en ég fer aftur heim í steypufrumskóginn,“ segir Alda Karen sem hefur líka ætíð hugfast að vera sín eigin besta vinkona.

„Ég tala reglulega við heilann minn um þær hugsanir og tilfinningar sem hann setur í huga minn og gæti þess að tala við hann eins og minn besta vin. Mér finnst líka óskaplega gott að skrifa niður hugsanir mínar og tilfinningar og sitja aðeins með þeim; bara leyfa mér að líða vel með þeim og ímynda mér að ég sé að horfa á þær eins og bíla í umferðinni. Við tökum okkur oft svo alvarlega, bæði hugsanir okkar og líðan, en stundum er gott að halla sér aðeins aftur og leyfa bílunum að keyra aðeins um án þess að reyna að stjórna traffíkinni.“

Alda Karen veit líka að hún er alveg nóg.

„Það gefur svo ótrúlega góða frelsistilfinningu að vita að ég sé nóg og því endurtek ég það oft við sjálfa mig. Ég þarf ekki að vera neitt eða gera neitt sérstakt frekar en ég vil. Ég er nóg. Alveg eins og ég er akkúrat núna.“

# Sjálfshjálparhópur fyrir Pólverja á Íslandi

**Katarzyna Kudrzcka sálfræðingur leiðir sjálfshjálparhóp og býður upp á einstaklingsviðtöl fyrir fólk af fyrstu kynslóð Pólverja á Íslandi. Hvort tveggja fer fram í húsakynnum Geðhjálpar í Borgartúni og er endurgjaldslaust.**

Pólverjar eru langfjölmennasti hópur innflytjenda hérlendis eða um fjórtán þúsund talsins. Geðhjálp stendur að sjálfshjálparhópi fyrir Pólverja af fyrstu kynslóð og einstaklingsviðtölum með styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála.

Katarzyna Kudrzcka sálfræðingur leiðir starf hópsins. „Sjálfshjálparhópurinn hóf göngu sína fyrir rúmlega ári og hittist tvisvar í mánuði á fimmtudögum kl. 18.30. Fundirnir fara fram á pólsku og eru auglýstir á icelandnews.is/, gedhjalp.is og á Facebook-síðunum polacy na islandi og depresja i fibromalgia na islandi. Við viljum auðvitað ná til sem flestra landa okkar,“ segir Katarzyna.

*Fyrir hverja er sjálfshjálparhópurinn?*

„Hann er hugsaður fyrir fólk sem þjáist af þunglyndi og/eða kvíða eða hefur strítt við mikla erfiðleika eða mótlæti í lífinu. Hann er einnig hugsaður fyrir þá sem vilja einfaldlega hitta annað fólk og tala. Í hópnum fær fólk stuðning hvert frá öðru, getur opnað sig og rætt um það sem því liggur á hjarta hverju sinni. Oft er hjálplegt að tala við aðra sem standa í svipuðum sporum og maður sjálfur,“ segir Katarzyna og bætir við að eftir formlega fundi sé nokkuð um að fólk hittist og spjalli saman.

Ekki hentar öllum að vera í hópi og því stendur fólki einnig til boða að koma í einstaklingsviðtöl hjá Katarzynu. „Einstaklingsviðtölin eru hugsuð fyrir þá sem telja sig þurfa sérstaka sálfræðiaðstoð eða eiga erfitt með að tjá sig í hópi,“ segir hún.

*En hvað brennur helst á fólki?*

„Það er þunglynt, því líður illa, er oft mjög einmana og hefur mikla þörf fyrir að hitta fólk sem skilur það og hvernig því líður,“ segir Katarzyna.

*Fylgir því andlegt álag að setjast að í nýju landi?*

„Já, að sjálfsögðu fylgir því oft mikið álag að flytja til nýs lands. Það getur tekið mikla orku frá fólki að læra inn á nýja menningu sem getur verið frábrugðin þeirri sem það þekkir frá heimalandinu. Það getur verið strembið að læra nýjar reglur, nýtt tungumál og kynnast nýju fólki. Sumir sem hingað koma eru einnig neyddir til að segja skilið við fjölskyldur sínar vegna efnahagslegra ástæðna,“ segir Katarzyna.

Þann 3. nóvember næstkomandi verður opinn viðburður í sendiráði Póllands á Íslandi og hvetur Katarzyna pólskumælandi fólk til að mæta á hann. „Þar verður fjallað um ýmislegt sem fylgir því að flytja til nýs lands. Ég mun segja aðeins frá sjálfshjálparhópnum og út á hvað hann gengur. Svo ætlar Lukasz Piotr Filipowicz geðlæknir að fjalla um andlegt álag samhliða því að flytja til nýs lands og Joanna Marcinkowska, sérfræðingur í málefnum innflytjenda hjá Reykjavíkurborg, mun m.a. fjalla um þjónustu sveitarfélagsins við íbúa. Áður en dagskráin hefst mun sendiherra Pólverja á Íslandi flytja stutt ávarp. Við viljum að málþingið verði frekar óformlegt, bjóðum upp á veitingar og jafnvel tónlist. Málþingið fer allt fram á pólsku og allir eru velkomnir,“ segir Katarzyna.

Upplýsingar um fundina er hægt að nálgast á icelandnews.is/, gedhjalp.is og á Facebook-síðunum polacy na islandi og depresja i fibromalgia na islandi. Fundirnir og einstaklingshóparnir fara fram á pólsku.



Katarzyna segir sjálfshjálparhópinn hugsaðan fyrir þá sem þjást af þunglyndi og/eða kvíða eða hafa strítt við erfiðleika og mótlæti í lífinu. MYND/STEFÁN

# Svipmyndir úr starfi Geðhjálpar



Peysupartý Útmeð'a var haldið í Listasafni Reykjavíkur. Partýið var vel sótt og þau Elín Ebba Ásmundsdóttir og Einar Þór Jónsson létu sig ekki vanta.



Dainius Puras, sérstakur skýrslugjafi Sameinuðu þjóðanna í geðheilbrigðismálum hélt áhugavert erindi á málþinginu Vatnaskil.



Þorsteinn Guðmundsson fundarstjóri og Óttarr Proppé, þáverandi heilbrigðisráðherra, í góðum gír á ráðstefnunni Börnin okkar.



Ríflega 400 manns sóttu barnageðheilbrigðisráðstefnu Geðhjálpar.



Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar, og Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Virk, fyrir málþing Geðhjálpar og Virk, Þegar kona brotnar.



Útmeð'a peysuverkefni Geðhjálpar og Hjálparsíma Rauða krossins fékk talsverða athygli í fjölmiðlum. Bætur Viktors Weisshappel vöktu sérstaka athygli.

# Við þökkum stuðninginn

| | | | |
|---|---|---|---|
| A.Wendel ehf | Tangarhöfða 1 | 110 | Reykjavík |
| Aðalvík ehf | Síðumúla 13 | 108 | Reykjavík |
| ARGOS Arkitektastofa Grétars og Stefáns | Eyjarslóð 9 | 101 | Reykjavík |
| Arkís arkitektar ehf | Kleppsvegi 152 | 104 | Reykjavík |
| Arnardalur sf. | Þinghólsbraut 58 | 200 | Kópavogi |
| Austfjarðaflutningar ehf | Kelduskógum 19 | 700 | Egilsstaðir |
| AUTO ehf | Vesturgili 1 | 603 | Akureyri |
| Á.T.V.R | Stuðlahálsi 2 | 110 | Reykjavík |
| Bandalag starfsm ríkis og bæja | Grettisgötu 89 | 105 | Reykjavík |
| Báran stéttarfélag | Austurvegi 56 | 800 | Selfossi |
| Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf | Smiðjuvegi 68 Gul gata | 200 | Kópavogur |
| Bílasmiðurinn hf | Bíldshöfða 16 | 110 | Reykjavík |
| Bílastjarnan ehf. | Bæjarflöt 10 | 112 | Reykjavík |
| Bílrúðuþjónustan ehf | Grófinni 15c | 230 | Reykjanesbær |
| Bjarni Fannberg Jónasson ehf. | Melateigi 31 | 600 | Akureyri |
| Blaðamannafélag Íslands | Síðumúla 23, 3. hæð | 108 | Reykjavík |
| Blikkrás ehf | Óseyri 16 | 603 | Akureyri |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Aðalstræti 10-12 | 415 | Bolungarvík |
| Bókhaldsþjónusta Arnar Ing ehf | Nethyl 2 | 110 | Reykjavík |
| Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf | Miðvangi 2-4 | 700 | Egilsstaðir |
| BRA ehf. | Auðbrekku 27 | 200 | Kópavogi |
| Danica sjávarafurðir ehf | Suðurgötu 10 | 101 | Reykjavík |
| DMM Lausnir ehf | Hafnargötu 91 | 230 | Reykjanesbær |
| Dvalarheimilið Ás | Hverahlíð 20 | 810 | Hveragerði |
| Dýralæknirinn á Breiðdalsvík | Ásvegi 31 | 760 | Breiðdalsvík |
| Efling stéttarfélag | Sætúni 1 | 105 | Reykjavík |
| Einhamar Seafood ehf | Verbraut 3a | 240 | Grindavík |
| Eldvarnarþjónustan ehf | Móabarði 37 | 220 | Hafnarfjörður |
| Esja Kjötvinnsla ehf | Bitruhálsi 2 | 110 | Reykjavík |
| Fastus ehf | Síðumúla 16 | 108 | Reykjavík |
| Fáskrúðsfjarðarkirkja | Skólavegur 88a | 750 | Fáskrúðsfirði |
| Ferðaþjónustan Gullfossi ehf. | Brattholti | 801 | Selfossi |
| Félag ísl hjúkrunarfræðinga | Suðurlandsbraut 22 | 108 | Reykjavík |
| Félagsbústaðir hf | Hallveigarstíg 1 | 101 | Reykjavík |
| Fjallabyggð | Ólafsvegi 4 | 625 | Ólafsfjörður |
| Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf | Hrísateigi 5 | 641 | Húsavík |
| Fjarðaþrif ehf | Strandgötu 46 | 735 | Eskifjörður |
| Flúðasveppir ehf | Garðastíg 8 | 845 | Flúðir |
| Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu | Nýheimum | 780 | Höfn í Hornafirði |
| Frár ehf | Hásteinsvegi 49 | 900 | Vestmannaeyjar |
| Garðabær | Garðatorgi 7 | 210 | Garðabær |
| Garðyrkjustöðin Varmalandi | Reykholti Varmalandi | 320 | Reykholt í Borgarfirði |
| Geislatækni ehf,Laser-þjónustan | Suðurhrauni 12c | 210 | Garðabær |
| Gesthús Selfossi ehf | Engjavegi 56 | 800 | Selfossi |
| Gjögur hf | Kringlunni 7 | 103 | Reykjavík |
| Glaður ehf | Holtabrún 5 | 415 | Bolungarvík |
| Grunnskólinn í Sandgerði | Skólastræti | 245 | Sandgerði |
| Guðmundur Arason ehf Smíðajárn | Skútuvogi 4 | 104 | Reykjavík |
| Gullsmiðurinn í Mjódd | Álfabakka 14b | 109 | Reykjavík |
| Hafnarfjarðarbær | Strandgötu 6 | 221 | Hafnarfjörður |
| Hafnarfjarðarhöfn | Óseyrarbraut 4 | 220 | Hafnarfjörður |
| Hagi ehf | Stórhöfða 37 | 112 | Reykjavík |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Halldór Jónsson ehf. | Skútuvogi 11 | 104 | Reykjavík |
| Hamraborg ehf | Hafnarstræti 7 | 400 | Ísafjörður |
| HBTB ehf | Bíldshöfða 18 | 110 | Reykjavík |
| Helgason og Co ehf. | Gylfaflöt 24-30 | 112 | Reykjavík |
| Hilmar Bjarnason ehf., rafverktaki | Smiðjuvegi 11 | 200 | Kópavogi |
| Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf | Einhleypingi 1 | 700 | Egilsstaðir |
| Hjallastefnan ehf | Vífilsstaðavegi 123 | 210 | Garðabær |
| Hópsnes ehf | Verbraut 3 | 240 | Grindavík |
| Hreinsitækni ehf | Stórhöfða 37 | 110 | Reykjavík |
| Hús og skip ehf. | Maríubaugi 135 | 113 | Reykjavík |
| Hvalur hf | Pósthólf 233 | 222 | Hafnarfjörður |
| Höfðakaffi ehf | Vagnhöfða 11 | 110 | Reykjavík |
| Höfðavélar ehf | Höfða 1 | 640 | Húsavík |
| Ingi hópferðir ehf | Laufbrekku 16 | 200 | Kópavogi |
| Ison ehf | Vesturvör 30b | 200 | Kópavogi |
| Íslensk erfðagreining | Sturlugötu 8 | 101 | Reykjavík |
| K.F.O. ehf. | Sundagörðum 2 | 104 | Reykjavík |
| Kjöthöllin ehf | Skipholti 70 | 105 | Reykjavík |
| Klausturkaffi ehf | Skriðuklaustri | 701 | Egilsstöðum |
| Kríuveitingar ehf | Nýja-Sjálandi | 611 | Grímsey |
| Kvenfélagið Hekla | Steinnýjarstöðum | 541 | Blönduósi |
| Landnámssetur Íslands ehf | Brákarbraut 13-15 | 310 | Borgarnes |
| Landssamband lögreglumanna | Grettisgötu 89 | 105 | Reykjavík |
| Landssamtök lífeyrissjóða | Guðrúnartúni 1 | 105 | Reykjavík |
| Léttfeti ehf | Þverholti 15 | 105 | Reykjavík |
| Líf og sál sálfræðistofa ehf | Höfðabakka 9 | 110 | Reykjavík |
| Loftorka Reykjavík ehf | Miðhrauni 10 | 210 | Garðabær |
| Lotta ehf. | Strandgötu 13 | 600 | Akureyri |
| Lögmannafélag Íslands | Álftamýri 9 | 108 | Reykjavík |
| Löndun ehf | Kjalarvogur 21 | 104 | Reykjavík |
| Marska ehf | Höfða | 545 | Skagaströnd |
| Mosfellsbakarí hf | Háholti 13-15 | 270 | Mosfellsbær |
| Nexus afþreying ehf | Nóatún 17 | 105 | Reykjavík |
| Nonni litli ehf | Þverholt 8 | 270 | Mosfellsbær |
| Nýi ökuskólinn ehf | Klettagörðum 11 | 104 | Reykjavík |
| Orka ehf | Stórhöfða 37 | 110 | Reykjavík |
| Ósal ehf | Tangarhöfða 4 | 110 | Reykjavík |
| Óskirnar Þrjár ehf | Suðurlandsbraut 46 | 108 | Reykjavík |
| Pétursbúð ehf | Ránargötu 15 | 101 | Reykjavík |
| Pizza-Pizza ehf | Lóuhólum 2-6 | 111 | Reykjavík |
| Pottagaldrar | Laufbrekku 18, | 200 | Kópavogur |
| Rafgeisli Tómas R. Zoëga ehf | Hafnarbraut 10 | 740 | Neskaupstaður |
| Rarik ohf | Dvergshöfða 2 | 110 | Reykjavík |
| Ráðhús ehf | Mánatúni 4 | 105 | Reykjavík |
| Reykjalundur | Reykjalundi | 270 | Mosfellsbær |
| Reykjavíkurborg | Borgartúni 12 -14 | 105 | Reykjavík |
| Samherji Ísland ehf. | Glerárgötu 30 | 600 | Akureyri |
| Samhjálp,félagasamtök | Hlíðasmára 14 | 201 | Kópavogi |
| Samson ehf | Sunnuhlíð 12 | 603 | Akureyri |
| Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja,SSF | Nethylur 2 e | 110 | Reykjavík |
| Samvirkni ehf | Pósthólf 73 | 602 | Akureyri |
| Seyðisfjarðarkaupstaður | Hafnargata 44 | 710 | Seyðisfjörður |

| | | | |
|---|---|---|---|
| SFR Stéttarfélag í almannaþjónustu | Grettisgötu 89 | 105 | Reykjavík |
| Sigurbjörn ehf | Öldutúni 4 | 611 | Grímsey |
| SÍBS | Síðumúla 6 | 108 | Reykjavík |
| Síldarvinnslan hf | Hafnarbraut 6 | 740 | Neskaupstaður |
| Sjúkrahúsið á Akureyri | Eyrarlandsvegi | 600 | Akureyri |
| Skálatúnsheimilið | Skálatúni | 270 | Mosfellsbær |
| Skólar ehf | Klettatröð 2314 | 235 | Reykjanesbær |
| Skólavefurinn ehf | Laugavegur 163 | 105 | Reykjavík |
| Smali ehf | Sætúni 5 | 400 | Ísafirði |
| Smurstöð Akraness sf. | Smiðjuvöllum 2 | 300 | Akranes |
| SS Ark ehf. | Smiðjuvegi 11e | 200 | Kópavogi |
| Stjá sjúkraþjálfun ehf | Hátúni 12 | 105 | Reykjavík |
| Stólpi-gámar ehf | Klettagörðum 5 | 104 | Reykjavík |
| Suzuki-bílar hf | Skeifunni 17 | 108 | Reykjavík |
| Svalvogar ehf | Aðalstræti 51 | 470 | Þingeyri |
| Sveitarfélagið Árborg | Austurvegi 2,Ráðhúsi | 800 | Selfossi |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | Hafnarbraut 27 | 780 | Höfn í Hornafirði |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | Túnbraut 1-3 | 545 | Skagaströnd |
| Tannlæknar Mjódd ehf | Þönglabakka 1 | 109 | Reykjavík |
| Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar | Við Mýrarveg | 600 | Akureyri |
| Tannlæknastofa Björns Þ Þór ehf | Ármúla 26 | 108 | Reykjavík |
| Tannréttingar sf | Snorrabraut 29 | 105 | Reykjavík |
| Tannþing ehf | Þingholtsstræti 11 | 101 | Reykjavík |
| Teiknistofan Arkitektar ehf | Hátúni 2b | 105 | Reykjavík |
| Tónsport ehf | Strandgötu 3 | 600 | Akureyri |
| Tækniþjónusta Vestfjarða ehf | Aðalstræti 26 | 400 | Ísafjörður |
| Umbúðamiðlun ehf | Pósthólf 470 | 222 | Hafnarfjörður |
| Umslag ehf | Lágmúla 5 (bakhús) | 108 | Reykjavík |
| VA arkitektar ehf | Borgartúni 6 | 105 | Reykjavík |
| Vagnar og þjónusta ehf | Tunguhálsi 10 | 110 | Reykjavík |
| VAL-ÁS ehf | Suðurhrauni 2 | 210 | Garðabær |
| Vatn ehf | Skólagerði 40 | 200 | Kópavogur |
| Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágr. | Krossmóa 4 | 260 | Reykjanesbær |
| Verkalýðsfélagið Hlíf | Reykjavíkurvegi 64 | 220 | Hafnarfjörður |
| Verkfræðistofan VIK ehf | Holtagerði 69 | 200 | Kópavogur |
| Vernd,fangahjálp | Laugateigi 19 | 105 | Reykjavík |
| Verslun Haraldar Júlíussonar | Aðalgata 22 | 550 | Sauðárkrókur |
| Verslunarmannafélag Suðurnesja | Vatnsnesvegi 14 | 230 | Reykjanesbær |
| Verzlunarskóli Íslands ses. | Ofanleiti 1 | 103 | Reykjavík |
| Vetrarsól ehf | Askalind 4 | 202 | Kópavogur |
| Vélaleiga Halldórs G Bald ehf | Freyjunesi 6 | 603 | Akureyri |
| Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf | Smiðjuvöllum 10 | 300 | Akranes |
| Vélaverkstæðið Þór ehf | Norðursundi 9 | 900 | Vestmannaeyjar |
| Vélsmiðjan Harka hf | Hamarshöfði 7 | 112 | Reykjavík |
| Vísir félag skiptstjórnarmanna á Suðurnes | Hafnargata 90 | 230 | Reykjanesbær |
| Þörungaverksmiðjan hf. | Reykhólum | 380 | Reykhólahreppur |
| Ævintýradalurinn ehf | Heydal | 401 | Ísafjörður |
| Örninn Hjól ehf | Faxafen 8 | 108 | Reykjavík |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins | Skógarhlíð 14 | 105 | Reykjavík |
| Brim hf | Fiskislóð 14 | 101 | Reykjavík |


GRAL KYNNIR
SVARTLYNG
ÞT. Mbl.
SJ. Frbl.
„Svartlyng er ein af þessum sýningum sem okkur bráðvantar“
HA. RÚV Menning
„Súrrealísk kómík brotin upp með nístandi ádeilu.“
SJ. Frbl.
„Óborganlega fyndið og súrrealískt.“
HA. RÚV Menning
„Rammpólitískt ádeiluverk sem virkar“
ÞT. Mbl.
„Leikhópurinn allur fer á kostum“
HA. RÚV Menning
„Mikið sjónarspil og hressileg ádeila“
KHP. Hugrás
„Fariði bara í leikhús... og sjáið þetta“
HA. RÚV Menning
SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR
eftir Guðmund Brynjólfsson
TJARNARBÍÓ
Takmarkaður sýningafjöldi | Miðasala á tix.is

# Hugmyndir að einföldum og hollum kvöldmat

Oft kemur það fyrir að fólk veit ekkert hvað eigi að kaupa matinn hversdags. Hér eru þrjár hugmyndir að einföldum hversdagsmat sem hentar öllum. Maturinn þarf ekki endilega að vera flókinn.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Í þennan fyrsta rétt er notað lambakjöt. Í rauninni er hægt að nota alls kyns parta, hvort sem kjötið er á beini eða ekki. Bara úrbeina það og skera í bita. Taco súpan verður örugglega vinsæl þar sem flestir eru hrifnir af mexíkóskum mat. Síðan er uppskrift að mjög hollum og góðum pönnukökum ef fólk vill hafa eitthvað létt í matinn.

## Einfaldur lambaréttur með spínati

**2 laukar**
**6 hvítlauksrif**
**1 tsk. engifer, þurrt**
**½ tsk. chili-duft**
**1 msk. broddkúmen (cumin)**
**1 msk. kóríander, þurrt**
**1 kg lambakjöt, skorið niður**
**1 dós tómatar í bitum**
**Salt**
**Olía til steikingar**
**200 g ferskt spínat**

Skerið niður lauk og hvítlauk. Steikið lauk í olíunni og bætið svo hvítlauk saman við. Gætið að því að brenna ekki. Bætið öllu kryddi á pönnuna og síðan kjötbitunum. Blandið öllu vel saman. Lækkið hitann og bætið tómötum saman við. Notið dósina og hálffyllið hana af vatni og bætið saman við. Látið þetta malla í 10 mínútur og bragðbætið með salti. Þá er spínatið sett saman við.
Í þennan rétt má bæta við grænmeti eftir smekk, gulrótum, tómötum eða hverju því sem til er í ísskápnum.
Berið réttinn fram með hrísgrjónum og mango chutney.

## Taco súpa

Taco réttir eru alltaf vinsælir hjá öllum í fjölskyldunni. Þetta er góð og matarmikil súpa sem auðvelt er að útbúa. Út í súpuna er gott að setja sýrðan rjóma, guacamole og tortilla-nasl, límónusafa og jafnvel chili-sósu eða allt eftir smekk hvers og eins. Uppskriftin miðast við fjóra til sex.

**400 g nautahakk**
**1 laukur, smátt skorinn**
**3 hvítlauksrif, smátt skorin**
**1 tsk. broddkúmen (cumin)**
**1 tsk. kóríanderduft**
**¼ tsk. chili-duft**
**1 dós tómatar**
**1 lítri kjúklingasoð**
**1 dós svartar baunir**
**1 dós maísbaunir**
**1-2 msk. tómatmauk**
**Smávegis ólífuolía til steikingar**
**Salt og pipar**

Byrjið á því að steikja kjöthakkið upp úr olíu í góðum potti. Setjið síðan laukinn saman við og steikið áfram þar til hann verður mjúkur en þá er hvítlauknum bætt út í. Bætið kryddum saman við og bragðbætið með salti og pipar. Bætið þá tómötum út í ásamt soðinu og látið suðuna koma upp. Takið vökvann af baununum og maísnum og setjið út í súpuna. Þá er tómatmaukið sett saman við og súpan látin malla í dálitla stund. Út í súpuna er gott að setja lárperubita, sýrðan rjóma, guacamole og tortilla-nasl, límónusafa og jafnvel chili-sósu eða allt eftir smekk hvers og eins.


Bragðmikill lambapottréttur er góður á dimmu haustkvöldi. Hægt er að bæta út í hann grænmeti að vild.


Taco-súpa með lárperum og fleira góðgæti verður örugglega vinsæl.


Pönnukökur má vel borða í kvöldmat ef mann langar í eitthvað létt.

## Hollar pönnukökur

Stundum vill maður bara hafa eitthvað létt og gott í matinn. Hvað með að hafa skyr og þessar hollu pönnukökur sem líta út eins og amerískar, sem sagt þykkari en íslenskar?

Pönnukökurnar eru bornar fram með grískri jógúrt og berjum.

**7 egg**
**3 dl hafragrjón**
**3 dl kotasæla**
**2 vel þroskaðir bananar**
**25 g smjör til að steikja upp úr**
**125 g bláber, jarðarber eða önnur ber**
**2 dl grísk jógúrt**

Hrærið saman eggjum, haframjöli, kotasælu og banönum í matvinnsluvél þar til blandan verður jöfn og kekkjalaus.
Setjið smávegis smjör á pönnuna og bakið eins og amerískar pönnukökur.
Berið fram með grískri jógúrt og berjum eða öðru því sem þið viljið. Það má alveg vera smjör og ostur ef einhver vill það frekar.

FYRIRTÆKJAGJAFIR

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um jólagjafir fyrirtækja til starfsmanna og viðskiptavina kemur út 12. október.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Gott er að gleyma sér yfir góðri bók.

# Lesið til heilsubótar

Þegar skammdegið og vetrarkuldinn krafsar í er notalegt að kúra inni með góða bók. Lestur er líka svo heilsusamlegur.

- Hann losar um streitu. Rannsókn frá Sussex-háskóla sýnir að streituhormón hafa lækkað um 68 prósent eftir aðeins sex mínútna lestur og er ástæðan sú að með því að sökkva sér ofan í bók fær maður flúið raunveruleikann um stund.
- Hann lengir lífið. Sýnt hefur verið fram á að lestrarhestar sem aðhyllast bóklestur lifa 20 prósent lengur en lesendur dagblaða og tímarita.
- Hann er hressandi. Sjálfshjálparbækur og skáldsögur geta dregið úr einkennum ýmiss konar krankleika, allt frá svefnleysi til kvíðaröskunar og streitu.
- Hann bætir minnið. Því oftar sem lesið er því hægar á lífsleiðinni brestur minnið.
- Hann eflir heilabúið. Með lestri eykst heilastarfsemin og heilinn fær örvandi þjálfun, rétt eins og skokk bætir hjarta- og æðakerfið.



Það krefst meiri orku að sippa en að hlaupa, svo það brennir meiri fitu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tvær æfingar sem halda þér í formi

Vísindamaðurinn og læknirinn Dr. Michael Joyner, sem hefur gert ítarlegar rannsóknir á áhrifum líkamsræktar, segir að tvær æfingar geti séð manni fyrir allri nauðsynlegri hreyfingu og um leið lengt lífið. Þær eru burpee og að sippa með þyngd.

Dr. Joyner segir að margar rannsóknir sýni að einföld próf á líkamlegri frammistöðu hafi mikið forspárgildi fyrir langlífi. Þar sem mjög einfaldar æfingar geti gefið góða vísbendingu um langlífi fólks, þýði það væntanlega líka að mjög einfaldar æfingar geti lengt ævina, segir hann.

Sipp krefst 24% meiri krafts en að hlaupa á sama hraða, samkvæmt háskólanum í Jena í Þýskalandi, þannig að það er gagnlegra til að brenna fitu og með þyngd styrkir sippið líka handleggina. Burpee er æfing sem reynir á allan líkamann, eykur sprengikraft í neðri hluta líkamans og er góð fyrir hjartað.

Dr. Joyner tekur fram að öll líkamsrækt geti lengt lífið og að það sé best að fá fjölbreytta hreyfingu, en segir að þessar tvær æfingar séu sérlega góðar af því að þær auka hreysti og heilsu æðakerfisins ásamt því að bæta sprengikraft, þol og styrk. Þess vegna séu þær sveppilegar til að fá ofureinfalda alhliða líkamsrækt.

# Tóbakslaus í tuttugu ár

Hin árlega samkeppni Tóbakslaus bekkur hefst nú í tuttugasta sinn hér á landi. Öllum sjöundu, áttundu og níundu bekkjum í grunnskólum landsins stendur til boða að taka þátt ef enginn nemandi í viðkomandi bekk notar tóbak. Á keppnistímabilinu verða dregnir út nokkrir heppnir tóbakslausir bekkir og allir í bekknum fá senda gjöf.

Í vor geta samtals tíu bekkir unnið til verðlauna með því að senda inn lokaverkefni. Þeir bekkir sem velja að senda inn lokaverkefni geta unnið fé til að ráðstafa eins og bekkurinn kýs að gera. Upphæðin nemur 5.000 krónum fyrir hvern skráðan nemanda í bekknum.

Skráning er þegar hafin og þarf að skrá bekki í síðasta lagi 16. nóvember 2018 á vefsíðunni Tóbakslaus bekkur en þar er einnig hægt að finna allar upplýsingar um samkeppnina.





# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

## Þjónusta

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.

**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**
**S. 893 6994**

Hreinsa þakrennur fyrir veturinn og tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. s:8478704 eða manninn@hotmail.com

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**


HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Fylgstu með á frettabladid.is/sport

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook





Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á að leika sér






VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Traust og fagleg starfsmannaveita
sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áraraðir

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk | S. 419 9000 | info@handafl.is | handafl.is

HANDAFL STARFSMANNAVEITA


## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**VETRARGEYMLA VAGNAKAUPS&BÍLAKAUPS**

Höfum til umráða upphitað húsnæði á Köllunarklettsveginum og afgirt plan sem er vaktað. Verð á plani er 1/2 af verði inni húsnæðinu.

**Öllum fyrirspurnum er svarað í gegnum netfangið bilakaup@bilakaup.com**

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

**VÉLVIRKI EÐA VANUR MAÐUR ÓSKAST**

Álheimar ehf óskar eftir að ráða vélvirkja eða vanan mann í málmsmiði / vélavinnu. Fjölbreytt framtíðarstarf, góð vinnuaðstaða. Uppl. í s. 869 1122 Örn efnir@efnir.is www.alheimar.is




GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar






586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!




ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.



# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is


LIFANDI
VÍSINDI
KOMDU MEÐ Í FERÐALAG
UM ÆVINTÝRAHEIMA VÍSINDANNA!
FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOÐ!
www.visindi.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Suðaustan 3-8 með skúrum eða slydduéljum, en rofar smám saman til um landið norðanvert. Hiti 0 til 7 stig.










**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | | | 3 | | 7 |
| | 2 | 4 | 7 | | | | | 6 |
| | 7 | | 4 | | | | 1 | |
| | | 6 | | | 7 | 2 | | |
| | 9 | 7 | | | 2 | | 6 | |
| | 3 | 8 | 1 | 6 | | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| 3 | 6 | 1 | | 4 | | 5 | | |
| | 5 | | 3 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | | 8 | | | | |
| | | | | | 2 | 4 | | |
| | | | | | | | 5 | 9 |
| 3 | 8 | | 7 | 5 | | 2 | | |
| | | | 9 | | 1 | 5 | | 8 |
| 6 | | | | 2 | | | | |
| | 3 | | 6 | | | | 4 | |
| 7 | 2 | | 1 | | 9 | | | |
| 5 | | | | | | | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 9 | | | | 8 | | 5 |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| | 5 | 7 | | | | | 1 | 3 |
| | | | | 4 | 6 | | | 9 |
| | 3 | | 9 | | | | | 1 |
| | | 2 | | 5 | | | | |
| 8 | | | | 7 | 2 | | | |
| | 1 | | | | | | | |
| | 9 | 3 | | | | | 2 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 8 | 1 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 4 | 7 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 | 5 | 4 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 1 | 2 | 7 | 8 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 1 | 5 | 8 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 2 | 5 | 8 | 7 | 6 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 3 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 6 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 |
| 1 | 5 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 2 |
| 7 | 9 | 4 | 5 | 2 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 3 | 2 | 5 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 9 |
| 8 | 6 | 1 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. leiftur
5. sker
6. áþján
8. bjaga
10. prófgráða
11. gegnsær
12. tolla
13. mjög
15. sælindýr
17. setja röndum

**LÓÐRÉTT**
1. röggsemi
2. endast
3. máttur
4. úræð
7. ílát
9. dugur
12. baktal
14. albúinn
16. hvort



**LÁRÉTT:** 1. flass, 5. rif, 6. ok, 8. aflaga, 10. ma, 11. tær, 12. loða, 13. afar, 15. kúskel, 17. stafa.
**LÓÐRÉTT:** 1. framtak, 2. lifa, 3. afl, 4. sogæð, 7. karafla, 9. atorka, 12. last, 14. fús, 16. ef.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Cramling átti leik gegn Franco í Sevilla árið 1988.

**1. Bc7! Dxc7 2. Dxf7+ Kh8 3. Hh4 1-0.** Hilmir Freyr Heimisson varð unglingameistari Danmerkur um síðustu helgi. Hann fékk hins vegar ekki titilinn þar sem hann er íslenskur ríkisborgari. **www.skak.is:** Árangur Hilmis.









## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Fólksbílar/jeppar | Felli -og hjólhýsi | Mótorhjól | Tjaldvagnar/kerrur | Vatnsvernd | Vörubílar | Eftirvagnar | Sendibílar | Hestakerrur | Hópbílar

# Frumherji hefur opnað nýja glæsilega skoðunarstöð að Hádegismóum 8

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði.
Í stöðinni eru allar gerðir og stærðir af ökutækjum skoðaðar.



*Einar Þór Magnússon*
*Stöðvarstjóri*
*Við tökum vel á móti þér!*

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS NV 19 2019 309

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




*Ný skoðunarstöð Frumherja er staðsett að Hádegismóum 8 - 110 Reykjavík - S. 570 9201*

Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# Sterkt ungmennaleikhús

**Björk Jakobsdóttir er leikstjóri sýningarinnar Fyrsta skiptið. Verkið er samið af ungmennum sem einnig fara með hlutverkin. Frumsamin lög flutt í sýningunni.**


Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is


„Ég virðist ná ágætlega til ungmenna," segir Björk en vinur hennar Grímur stillti sér upp með henni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gaflaraleikhúsið í Hafnarfirði hefur lengi lagt sérstaka áherslu á sýningar fyrir ungmenni. Þar er Björk Jakobsdóttir í forgrunni en segja má að hún hafi sérhæft sig í leikstjórn sýninga sem ætlaðar eru ungmennum. „Þarna finnst mér skemmtilegast að vera. Ég virðist ná ágætlega til ungmenna og í leikhúsflórunni er vöntun á sýningum fyrir þennan hóp," segir Björk. „Gaflaraleikhúsið er atvinnuleikhús og það er meðvituð stefna okkar að vinna með ungmennum. Við höfum náð að byggja upp góðan áhorfendahóp og erum að fá í kringum tíu þúsund unglinga í leikhús á ári. Aðsóknin er mikil og sömuleiðis skynjum við mikla eftirvæntingu þegar líða fer að sýningum. Við viljum skapa sterkt og vandað ungmennaleikhús."

Leikhúsið fékk nýlega styrk frá Leiklistarráði og Björk segir það skipta miklu máli. „Ég er mjög montin vegna þess að við fengum þennan styrk sem mér finnst vera viðurkenning á þörfinni fyrir verk sem höfða til ungmenna. Þetta var líka viðurkenning á að við séum í atvinnumennsku, en stundum fær maður skilaboðin: Já, hún er bara að vinna með unglingum. Alveg eins og sagt er við barnabókahöfunda: Hann/hún er bara að skrifa fyrir börn. Nú fengum við þennan góða og mikilvæga styrk og erum þakklát fyrir hann."

### Líka fyrir gamla settið

Næstkomandi sunnudag, 14. október, frumsýnir Gaflaraleikhúsið leikritið Fyrsta skiptið sem samið er af hópi ungmenna sem fara jafnframt með hlutverk í sýningunni. Þar er meðal annars fjallað um fyrsta kossinn, fyrsta stefnumótið, fyrstu ástarsorgina og svo framvegis. Höfundar verksins eru Arnór Björnsson, Berglind Alda Ástþórsdóttir, Inga Steinunn Henningsdóttir, Mikael Emil Kaaber og Óli Gunnar Gunnarsson, sem öll eru um tvítugt. Mikael og Óli Gunnar eru, ásamt Halli Ingólfssyni, höfundar frumsaminna laga sem flutt eru í sýningunni.

„Þetta er sýning fyrir alla sem eru byrjaðir að hugsa um fyrsta skiptið, áttunda bekk og upp úr," segir Björk sem hvetur foreldra einnig til að mæta. „Auðvitað vilja ekki allir unglingar fara með foreldrum sínum í leikhús en ef þeir treysta sér til að taka gamla settið með þá er sýningin ekki síður fyrir þá. Það er líka gott fyrir þá fullorðnu að fá sýn inn í heim sem er skrifaður af unglingum."

### Með húmorinn að leiðarljósi

